



Heit og ljúffeng



PIZZA

HAFNARSTRÆTI 7 • 456 3166

Nýtt og öflugt
verkfæri
til íbúðakaupa

• Greiðslumat á netinu
• Lánsúmsókn á netinu

Íbúðalán.is
www.ibudalan.is





Nýtt
símanúmer
Landsbankans
á Ísafirði
er
410 4156

Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Verð kr. 300 m/vsk

Miðvikudagur 8. febrúar 2006 • 6. tbl. • 23. árg.

Ísafjarðarbær

Lægstu launin hækka

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt til lögu þess efnis að nýta til fullu heimild launanevndar sveitarfélaga frá 28. janúar sl. til leiðréttingar á lægstu launum. Leiðréttingin skal gilda frá 1. janúar 2006 og koma skal til greiðslna eigi síðar en 1. mars nk.

Kostnaður launaleiðréttingarinnar er áætlaður 32,6 milljónir króna og vísar bæjarstjórn honum til endurskoðunar á fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar. Rúmlega 190 starfsmenn Ísafjarðarbæjar munu hækka í launum við leiðréttinguna.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar segir það mjög jákvætt að hækka lægstu launin og vonar að sátt verði um þessar breytingar og að fólk ætlist ekki til að breytingarnar fari upp allan launaskalann.

– gudrun@bb.is



Háskólasetrið formlega opnað

Samningur sem tryggir starfsemi Háskólaseturs Vestjarða næstu fimm árin var undirritaður við formlega opnun þess á laugardag. Samningurinn, sem er á milli Háskólasetursins annars vegar og menntamálaráðuneytisins og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins hins vegar, hljóðar að sögn Peter Weiss, forstöðumanns Háskólasetursins, upp á 36 milljóna króna fjárframlag til setursins í ár og ekki minni upphæð ár hvert næstu fimm árin. Á meðfylgjandi mynd undirrita samninginn Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Nánar er greint frá opnuninni á bls. 3. – gudrun@bb.is

**Vilja fresta stofnun smásölu-
fyrirtækis á raforkumarkaði**

Orkubú Vestjarða samþykkti fyrir stuttu að taka þátt í stofnun smásöluvirkjunar á raforkumarkaði ásamt Landsvirkjun og RARIK, sem einnig samþykktu stofnun fyrirtækisins fyrir sína parta. En nú virðist vera komið babbi í bátinn þar sem borgarráð

Reykjavíkurborgar hefur farið fram á að stofnun fyrirtækisins verði frestað, og bókað að ráðið sé ósátt bæði við stofnun fyrirtækisins sem og verðið, en til stóð að Laxárvirkjun, sem er í eigu Landsvirkjunar, rynninn inn í fyrirtækið fyrir rúmlega milljarð króna.

Hlutverk félagsins á að vera að annast orkuöflun og orkusölu á samkeppnismarkaði. Markmiðið með fyrirtækinu er að markaða skýr skil á milli einkaleyfis- og samkeppnisrekstrar hjá OV og RARIK en fyrirtækin reka einnig dreifiveitur auk raforkuframléidslu.

Hið nýja fyrirtæki mun ráða yfir eigin framleiðslugetu auk þess sem það mun kaupa raforku í heildsölu frá framleiðendum.

Eignarhlutur fyrirtækjanna í hinu nýja fyrirtæki á að skiptast þannig að RARIK og Orkubú Vestjarða eiga 36%

hvort félag og Landsvirkjun á 28%. Fyrirtækið á að eignast eftirtaldir aflstöðvar: Rjúk- anda, Skeiðfoss, Grímsá, Lagarfoss og Smyrlabjargavirkjun, Mjólkár- og Þverárvirkjun, Rafstöðina Fossum, Reiðhjallavirkjun og Laxárvirkjun. – eirikur@bb.is

Samkaup úrval

OPIÐ:
virka daga
kl. 09 - 21
laugard. 10-21
sunnud.
kl. 12 - 21
Verið
velkomin!

Samkaup úrval

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460



525 7800

ALLT UM FLUTNINGA – EITT NÚMER – GREIÐ LEIÐ

VIÐSKIPTA
ÞJÓNUSTA
EIMSKIP'S
525 7800

EIMSKIP
www.eimskip.is | info@eimskip.is



Sýningin Perlan Vestfirðir sett upp í vor

Sýningin Perlan Vestfirðir verður sett upp í Perlunni 5.-7. maí nk. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða stendur að sýningunni í samvinnu við Markaðsstofu Vestfjarða. Markmið sýningarinnar eru að kynna vestfirskt atvinnulíf og framleiðendur, markaðssetning ferðapjónustu og hvatning til ferðalaga, að sýna blómstrandi mannlíf og möguleika til búsetu, að hvetja til fjárfestinga og að vekja almenna athygli og gefa jákvæða ímynd.

Samskonar sýning var haldin 2002 og í desember sl. kannaði Atvest áhuga fyrirtækja, sveitarfélaga og einstaklinga á Vestfjörðum fyrir því að endurtaka leikinn. Viðbrögð voru mjög jákvæð og nú er næsta skref að fá stað-


festingu á þáttöku og fjármögnun. Atvest hefur þegar leitað til sveitarfélaga á Vestfjörðum og er þeim gefinn kostur á að ákvarða hverskonar fyrirkomulag þau kjósa að hafa á aðild sinni að sýningunni.

Áætlaður kostnaður við sýninguna er um 8 milljónir króna og deilist niður á kynningarstarf, menningardagskrá, sýningaraðstöðu og framkvæmdastjórn. Fyrirhugað er að sýnendur greiði helming kostnaðarins. Atvest og Markaðsstofa Vestfjarða hyggjast leggja til vinnu og fjármagn sem nemur um milljón króna og afgangins verður aflað með auglýsingum og styrkjum frá fyrirtækjum og stofnunum.

Viktória Ólafsdóttir, verk-

efnisstjóri Atvest á Hólmavík, mun fyrir hönd félagsins sjá að leit að fjármagni ásamt skráningu og leigu á sýningarbásum. Jón Páll Hreinsson, nýráðinn verkefnisstjóri Markaðsstofu, mun í framhaldinu undirbúa og stýra framkvæmd sýningarinnar. Áætlað verður á fermetra á sýningarsvæði ásamt sýningarkefni, gólfefni og lýsingu er 18.675 krónur. Lágmarksstærð á sýningaraðstöðu er 2 fm. Þáttöku er æskilegt að staðfesta eigi síðar en 28. febrúar nk. hjá Viktoríu í síma 451 3521 eða senda tölvupóst á viktoría@atvest.is.

Sýningin sem haldin var í byrjun maí árið 2002 dró að mikinn mannfjölda. Líkt og nú verður var sýningin þá haldin um helgi og áætlað er



Sýningin verður haldin í Perlunni í Reykjavík.

að allt að 18 þúsund manns hafi sótt margskonar kynningar, fyrirlestra og uppákomur í tengslum við athafna-

og mannlíf á Vestfjörðum. Að mati Atvest eykur markaðssetning sem þessi jákvæða umfjöllun og styrkir ímynd

þessa landsvæðis, bæði í hugum heimafólks sem og íbúum landsins í heild.

– gudrun@bb.is



Dýpkunarpramminn er enn í Ísafjarðarhöfn.

Dýpkunarpramminn enn í Ísafjarðarhöfn

Dýpkunarpramminn sem til stóð að fjarlægja úr Ísafjarðarhöfn fyrir mánuði síðan er enn í höfninni. Pramminn er í eigu vélsmiðjunnar Mjölnis í Bolungarvík og hefur legið í höfninni í árafjöld. „Það er ekki alveg víst hvenær verður lokið við að fjarlægja prammann en það verður vonandi mjög fljótlega“, segir Finnboði Bernóðsson hjá vélsmiðjunni Mjölni.

„Það var leiðindaveður þegar við tölum að gera þetta um daginn og svo hefur verið

mikið að gera hjá okkur síðustu vikur. En það verður farið í þetta sem allra, allra fyrst. Ísfirsk hafnaryfirvöld hafa reynt okkur vel og verið þolinmóð við okkur og kunnunum við þeim bestu þakkir fyrir það. Það er orðið tímabært að koma prammannum burtu áður en hann verður til vandræða, það væri t.d. mjög erfitt að koma honum burt ef hann sykkir þarna. En það stafar engin hættu af honum núna“, segir Finnboði.

„Það er ennþá verið að spá í

hvað eigi að gera við prammann. Það væri gaman að búa til listaverk úr honum og láta standa einhver staðar. Þetta er sögufrægt áhald og hefur unnið mikið og gott starf fyrir land og lýð. Það er lítið um að framfarasagan sé geymd á slíkan hátt að þeir sem á eftir koma geti séð hvernig hlutir hafa þjónað. Maður ætti kannski að ræða þetta við einhvern frambjóðanda, nú er rétti tíminn, kosningar í nánd“ bætir Finnboði kíminn við.

– gudrun@bb.is

Sigurjón á Hrafnabjörgum sjötugur

Fékk fágæt hljómflytningstæki í afmælisgjöf

Sigurjón Samúelsson á Hrafnabjörgum, sem er landsþekktur fyrir að eiga eitt merkasta hljómplötusafn í eigu einstaklings, fékk að gjöf fágæt hljómflytningstæki í tilefni af sjötugsafmæli hans. Um er að ræða tæki sem Thomas A. Edison fann upp á sínum tíma til að spila hólka.

„Þrír vinir mínir færðu mér þetta tæki að gjöf en það fundu þeir í Bandaríkjunum. Þetta er meira sýnisgripur heldur en að maður sé mikið að spila á það, en það virkar vel og ég á nokkra



Sigurjón Samúelsson fékk fágæta og skemmtilega gjöf í tilefni afmælisins. Myndir: Jósef Vernharðsson.

Tækið er uppfinning Thomas Edison og er frá því fyrir tíma hljómplatnanna.

hólka til, en þeir komu á undan plötunum“, segir Sigurjón. Gjöfina fékk hann á sunnudag þegar hann hélt upp á afmælið

sitt en afmælisdagurinn sjálfur var á mánudag. Tækið er frá upphafi síðustu aldar. – thelma@bb.is

Betri geymsluaðstaða fyrir tæki og tól við Ísafjarðarhöfn handan hornsins

Til stendur að útbúa betri geymsluaðstöðu fyrir þau tæki og tól sem atvinnufyrirtæki við Ísafjarðarhöfn vilja halda í, að sögn Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra, en eins og kemur fram á öðrum stað hér í blaðinu er frágangi á tækjum og tólum töluvert ábótavant við Ísafjarðarhöfn. „Við för-

um í hreinsunaráttak síðasta sumar og það voru fjarlægð tugir tonna af rusli og járn“, segir Halldór.

„Það var mat manna að það sem eftir varð væru verðmæti. Við ætlum að útbúa betri geymsluaðstöðu neðst niður á Sudurtanga, en það er ekki búíð að því ennþá. Í dag eru

þarna hólf sem við leigjum út en við ætlum að bæta það svæði verulega og stækka það. Meiningin er þá sú að menn geti flutt það niðureftir sem þeir vilja eiga, og myndu greiða fyrir það geymslupláss svo þeir væru ekki að geyma eitthvað nema þeir þurfi í raun og veru á því að halda. Það

væri þá heldur ekki á víðavangi, eins og nú er.“

Eins og sést á myndunum (bls.12) er nokkuð um hluti við höfnina sem ekki er hægt að sjá að séu í notkun, eða jafnvel að þeir séu nýtanlegir. „Þegar maður fer um svæðið eða horfir á þessar myndir sem voru teknar, þá segir það

manni að það er þarna rusl sem getur ekki verið að nokkur vilji eða þurfi að eiga. Við höldum þessu hreinsunaráttaki áfram um leið og þetta verður klárt í vor og þá ætlumst við að ruslið hverfi og ætlumst líka til að einstaklingar og fyrirtæki gangi vel um. Það er auðvitað ekki í lagi þegar

menn skilja svona rusl eftir eins og þessar myndir undirstrika.“

Að sögn Jóhanns Birkis Helgasonar standa vonir manna til að hafist verði handa við framkvæmdir að nýju geymslusræði mjög fljótlega, ef veðurspáin verður góð.

– eirikur@bb.is

Samningur um fjárframlög til Háskólaseturs Vestfjarða undirritaður

Samningur sem tryggir starfsemi Háskólaseturs Vestfjarða næstu fimm árin var undirritaður við formlega opnun þess á laugardag. Samningurinn, sem er á milli Háskólasetursins annars vegar og menntamálaráðuneytisins og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins hins vegar, hljóðar að sögn Peter Weiss, forstöðumanns Háskólasetursins, upp á 36 milljóna króna fjárframlag til setursins í ár og ekki minni upphæð ár hvert næstu fimm árin.

Þá hefur Háskólasetrið möguleika á að afla sér fjár annar staðar án þess að komi til frádráttar frá framlaginu. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Valgerður Sværissdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra undirrituðu samninginn ásamt Halldóri Halldórssyni bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar. Viðstaddir opnunina voru auk þess Geir H. Haarde utanríkisráðherra, Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra og



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og Valgerður Sværissdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, undirrita samninginn.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra. Ísfirðingafélagið í Reykja-

vík afhenti Háskólasetrinu 100 þúsund króna styrk úr sjóði sem stofnaður var í til-

efni 60 ára afmælis félagsins. Þá gaf Sparisjóður Vestfirðinga einnig 100 þúsund krónur

sem fyrsta vísi að stofnun vísindasjóðs við Háskólasetrið.

Um 150 manns mættu til opunarinnar og eftir undirritunina var skemmtidagskrá og léttar veitingar. Ræður fluttu m.a. menntamálaráðherra, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sjávarútvegsráðherra og Halldór bæjarstjóri. Elfar Logi Hannesson bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar var með atriði og Tónlistarskóli Ísafjarðar bauð upp á tónlist.

Háskólasetrið var stofnað í mars á síðasta ári og standa yfir þrjátíu aðilar að stofnun-

inni, þar á meðal allir háskólar landsins. Markmið Háskólasetursins er m.a. að vera tengiliður Vestfjarða við háskólastofnanir. Hér á það líka að vera vettvangur nýsköpunar og þróunar í sambandi við atvinnulífið. Í áætlun um vöxt og viðgang Háskólasetursins er gert ráð fyrir að eftir fimm ár verði nemendafjöldinn kominn vel á fimmta hundræði. Háskólasetrið tók í notkun um áramótin nýuppgerð og glæsilegt húsnæði í Vestrahúsinu á Ísafirði.

– gudrun@bb.is



Halldór Halldórsson og Geir Haarde utanríkisráðherra.



Þessar glæsilegu konur voru á meðal gesta í hófinu.



Einar Kristinn Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra, Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra, Steingrímur Sigurgeirsson, aðstoðarmaður menntamálaráðherra, Magnús Stefánsson, alþingismaður, Einar Oddur Kristjánsson, alþingismaður og Geir Haarde, utanríkisráðherra.

Þjónusta skíðasvæðisins endurskoðuð

Óskað hefur verið eftir því að íþróttar- og tómstundanevnd Ísafjarðarbæjar myndi koma með endanlega tillögu um skipan nefndar um endurskoðun á þjónustu skíða-

svæðis, sem síðan yrði lögð fyrir bæjarráð og bæjarstjórn. Íþróttar- og tómstundanevnd lagði til að eftirfarandi aðilar myndu skipa nefndina:

Guðrúnur Sigurðardóttir,

fulltrúi íþróttar- og tómstundanevndar sem verði jafnframt formaður, Marij Colruyt, fulltrúi almennings, Gunnar Þórðarson, fulltrúi HSV, Jóhann Torfason, fulltrúi skíðasvæð-

isins og Guðjón Ólafsson, formaður alþingisnefndar sem fulltrúi Skíðafélagsins. Bæjarráð samþykkti tillöguna og hún var lögð fram til kynningar í bæjarstjórn.



Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra

Spennandi störf

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Vestfjörðum leitar eftir starfsmanni í 45% starf í frekari liðveislu. Starfið felst í persónulegri aðstoð við fatlað fólk. Einnig vantar starfsmann í 60-80% starf við afleysingar vegna veikinda. Vinnutími getur verið samkomulagsatriði. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi SFR. Umsókanarfrestur er til 17. febrúar 2006.

Einnig vantar starfsmann í ræstingu á skrifstofunni á Ísafirði. Um er að ræða þríf tvísvar sinnum í viku. Best er ef viðkomandi getur hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til 17. febrúar 2006. Laun eru greidd samkvæmt samningum Verk-Vest.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á Svæðisskrifstofu að Hafnarstræti 1, Ísafirði. Upplýsingar um störf eru gefnar á sama stað í síma 456 5224.

Sírenuhljóðin úr sjúkrabílunum vældu út í dimma nóttina og þar sem hún lá í rúminu og gat ekki sofnað sló köldum svíta út og hjartað bankaði þungt og órólega og hún rauk út úr herberginu. Hvað ef eitthvað hræðilegt hefði komið fyrir litla strákin hennar sem var einhverstaðar úti? Minningarnar rifjuðust upp þegar þau voru flutt í sjúkrabíl vestan af landi og drengurinn hennar var svo veikur. Þá hafði hún beðið svo heitt til Guðs að bjarga honum, ekki taka hann frá okkur þennan litla bók sem lá í sjúkrabörnunum og átti erfitt með andardráttinn. Hún hafði lofað Guði öllu bara ef hann tæki hann ekki, og Guð stóð við sitt gagnvart litla drengnum hennar en tók föður hans tveimur árum seinna. Hún mundi svo stundirnar þeirra saman þegar litli glókollurinn hennar renndi sér inn undir sængina hennar á kvöldin og horfði þessum saklausu bláu augum á hana og var að reyna að segja: „þegar ég verð stór mun ég passa þig mamma mín því ég ætla að verða lögfræðingur, læknir eða lögregluþjónn.“

Hvað hann var montinn þegar hann kom úr smíðatíma og hafði búið til eitthvað falllegt með nafninu hennar skorið út, eða kortin sem hann skrifaði á „ég elska þig mamma mín“. Hvað hafði breyst hjá honum?

Eiturlyfin heltóku barnið hennar

Hann sem alltaf hafði verið öllum svo góður, t.d. gömlu konunni í næsta húsi, sem hann hljóp til rétt fyrir kl. sex á aðfangadagskvöld með pakka til hennar því enginn kom í heimsókn til hennar. Eða fiskarnir í veiðiferðunum sem hann grét yfir að væri búið að drepa. Hafði hann kannski verið of viðkvæmur, hafði hún brugðist honum, ekki hlustað á hann, gert of miklar kröfur til hans? Hvað með fótboltaferðirnar, sumarhúða- og skemmtiferðir, hafði honum kannski bara liðið illa og hún ekki tekið eftir því?

Seinna kom hann heim á laugardagskvöldi á réttum tíma en dauðadrukinn af bjór og fárveikur. Hún varð viti


sínu fjær af hræðslu og var að færa hann til svo hann ældi ekki ofan í sig, þannig gat fólk dáíð var henni sagt. Einnhver sagði henni seinna að hann væri búinn að reykja sígarettur allan veturinn, hann sem var með asma og hafði verið lagður inn á spítala tólf sinnum fyrstu þrjú árin hans. Núna skildi hún af hverju sígarettur hennar höfðu horfið svo oft en ekki hafði það hvarflað að henni að litli drengurinn hennar væri farinn að reykja. Hún ætlaði að sjá til þess að hverfissjoppurnar seldu börnum í nágrenninu hennar ekki sígarettur.

Sjoppueigendum var hótáð af henni næstu vikurnar og skólinn tekinn með. En hann hætti ekki að reykja. Hún fann sígarettur í vösunum hans og seinna kom svo nefþóbak með myntu sem var selt í sjoppunni.

Um veturinn kom hlé og hún eignaðist von um að reglurnar hennar hefðu dugað, það var engin vínlykt af honum en samt var eitthvað yfir augunum hans sem hún kannaðist ekki við, hann leit heldur ekki vel út, annaðhvort vildi hann ekkert borða eða borðaði stjórmlaust og mikið sælgæti. Nokkrum árum seinna vissi hún að þetta voru einkenni þessa hass. Álpappír og pípur fundust á földum stöðum en hún fann alltaf staðina. Kvartanir úr skólanum bárust um breytta hegðun og ofbeldi í frímínútum. Hún trúði þessu ekki, sonur hennar sem vildi öllum vel var farinn að lenja börn í skólanum og svara kennurum dónalega. Skólastjórnin sem alltaf hafði verið vinur hans og verið stoltur af honum þegar hann vann skákmótin fyrir hönd skólans náði engu sambandi við hann og það flæddi yfir í skíðaferðalaginu þegar skólastjórnin komst að því að hasssala hefði verið í ferðalaginu að frumkvæði sonar hennar. Hvar hafði hún brugðist? Var þetta út af skilnaði hennar og erfðileikum að eiturlyfin höfðu heltekið barnið hennar?

Hætti að koma heim á næturnar

Um vorið þetta ár hringdu foreldrar og sögðu henni að



Úr myndinni Skuggabörn.



Úr myndinni Skuggabörn eftir Reynir Traustason og Lýð Árnason.

Móðurást

Harmsaga móður á norðanverðum Vestfjörðum

Móðir drengs sem leiddist út í fíkniefnaneyslu með hörmulegum afleiðingum kom að máli við VáVesthópinn. Hún vildi gefa VáVesthópnunum harmsögu sína ef það mætti verða til þess að foreldrar gætu nýtt sér hana til að halda vöku sinni gagnvart börnum sínum og þeim harða og lúmska heimi sem fylgir vímuefnaneyslu.

sonur hennar hefði barið drenginn þeirra og hann væri slasaður. Hvað var að gerast, hann sem hún hafði aldrei rassskellt, var orðinn ofbeldismaður og lögreglan að leita hans. Hún fór til foreldranna og greiddi tannviðgerðir og baðst innilegrar afsökunar og þær horfðust í augu meðurnar, önnur með auðmýkingu en hin með reiði en vildi samt gera gott úr að þessu sinni.

Æskuvinirnir hans voru hettir að koma og nýir vinir komnir í staðinn sem voru druslulegir og flóttalegir og aldrei sömu andlitin og hana langaði ekkert að kynna þeim.

Hann fór að tynast og hætti að koma heim á næturnar og þá gat hún ekki eirt heima og keyrði í bæinn og stundum sá hún hann en hann þóttist ekki sjá hana og hún mundi svo vel nóttina sem hún náði honum köldum og fjarlægum og grét og bað hann að koma heim. En hann reyndi að sannfæra hana um að honum liði vel og kæmi heim seinna, bara ekki núna, augasteinarnir voru svo litlir og hann hafði horast. Æskuvinirnir bönkuðu upp hjá henni eitt kvöldið og sögðu henni að hann væri orðið sprautufíkill og notaði örvandi efni, væri fastgestur á þöbb

þar sem honum væri hleypt inn þó hann hefði ekki aldur til. Hún fylltist ógnvænlegri reiði og keyrði niður í bæ og óð inn á þöbbinn og ef helvíti er til þá var þessi staður helvíti. Ungt fólk sat í dimmum kjallara útúrvið og illa útlítandi meðan stórir, tattóveraðir, síðhærðir starfsmenn gengu kringum hana eins og tígrisdýr. Hún horfðist í augu við dilerinn við barinn sem seldi syni hennar dóp, brún lítill tilfinningalaus augu, en hún var ekki hrædd, hatrið var yfirsterkara hjá henni þegar hún hótáði honum en hann hló hvelt.

Tígrisdýrin komu nær og hún fór út og lofaði þeim að láta loka staðnum sem var seinna gert.

Hann kom og fór, svaf, borðaði og hvarf. Eldri bróðir hans var reiður að hlusta á mömmu gráta. Þeir slógust og hníf var stungið í nýju eldhúsinnréttinguna og litlu munaði að annar biði bana af þegar hert var að hálsi, hún grét og gat ekki hætt og hrópaði og réri og grét. Þeir hættu. Eitt hvað nýtt var að gerast hjá mömmu, þessi hróp, mamma var farin yfir um og þeir tóku utan um hana. Eftir á hélt hún að núna væri þessu lokið og allt yrði gott.

Lögreglan leitaði hans aftur, innbrot og ofbeldi, dómur. Hún lét svipta hann sjálfræði og setja hann inn á geðdeild. Meðferð og viðtöl, og eftir eina meðferðina hringdi yfir-læknir Vogs hjá SÁÁ og bað um fund með þeim báðum því sonur hennar hefði greinst með lifrabólgu C. Eftir sat hún lömuð með fullt af spurningum: Hverslags bólgva var það, er hún alvarleg, eru til meðferðir við henni? Já en þá varð að vera algjört bindindi.

17 ára faðir á valdi eiturlyfja

Hann reyndi en gat ekki. Seinna tilkynnti hann að hún væri að verða amma, lítið barn væri á leiðinni. Engin gleði, áhyggjur bættust við, hvað hefur lítið barn að gera inni þennan ljóta heim og hún hafði ekkert lengur að gefa. Lítil drengur fæddist sem bræddi ömmuhjartað og einhver tilgangur varð. Góðu tilfinningarnar komu upp á yfirborðið aftur þegar hún var nálægt þessu fallega barni og mikið var stutt síðan hennar sonur var svona lítill og saklaus.

Hvað beidd þessa barns? Átti hann líka að alast upp föðurlaus? Hvað gerir 17 ára faðir

sem er á valdi eiturlyfja? Hann lofar og langar en getur ekki staðist freistingarnar þó smá föðurtílfínningar séu farnar að bærast. Afleiðingar neyslunnar frá 14 ára aldri sem byrjaði á bjór en var orðin að harðri amfetamín-, e-töflu- og hassneyslu, voru farin að koma í ljós. Skapsveiflurnar ef eitthvað var sagt eða spurt, og hlaupið út. Ábyrgðarkennd engin og lífið var orðið að leyndarmáli. Hann þjáðist en þurfti að velja. Hann var líkamlega háður eiturlyfjum og hræddist mest að taka afleiðingunum. Bara pínulítið lengur, hann þurfti að greiða dílernum skuld því annars væri hans líf og annarra í hættu. Þá mundi hann fara í meðferð og hún yrði að skilja það. Eina nóttina vaknaði hún við símann, hann hringdi til að segja henni að hún væri besta mamma í heimi og honum þætti leiðinlegt að hafa valdið henni þessum áhyggjum og hann kæmi fljótt heim.


Þá nótt grét hún sig í svefn eins og margar aðrar nætur og úti heyrðist í sírenu sjúkrahúsa en hún gat ekki meira. Lítil ömmustrákur lá við hliðina á henni með pínulítið brosi í svefninum. Sagan hafði endurtekið sig með öðrum litlum engli.

Svona gæti Ísafjörður lítið út eftir 20 ár.

Eigum við að vinna saman að því?



Draumur um veruleika!



þinggjafanúmer 4r Almannavott
Ákæmt íbúum íbúanna

ostunarkar og afgreiðsla

sýðingunáskot og réttur
Láskráningu og reitunum

saga og menning
Ágæðleiki fyrir skemmtiferðafólki

hæðskráning og menningarmáttur

viðskiptingartúr

þinggjafanúmer 4r Þóðingartúr
4r

þóðingartúr og þinggjafanúmer 4r 4r
(tölur 4r Svandam og þóðingartúr)

þinggjafanúmer 4r

smáttung og vinnur
Reitur skráningu


skráningu fyrir skemmtiferðafólki

skemmtiferðafólki

ráðuneyti fyrir skráningu


skráningu

þóðingartúr 4r 4r



Ég hef haldið því á að framfarir líta og stundar eru á Ísafjörði Svandam Kristjánsson, sem hafa verið fyrir mig góð allar vel stöðul að vörðleika. Ástandið er og verður stöðugt og áttund. Ástandið er gott og gott og gott og gott. Því á Ísafjörði eru líklegar ástæður til að sýna á við átti vörðleika. Ekkert er stöðugt og stöðugt og stöðugt. Ef þú sýgur þetta lítið út af þinni hárskráningu á þóðingartúr, þá verður mér þinggjafanúmer 4r þinggjafanúmer 4r þinggjafanúmer 4r

Ég hef mig lítið í
1. af stöð. Þú er stöð
þú er stöð og stöð og stöð
þinggjafanúmer 4r 4r 4r 4r
„Svona með mér“



Ólafur Ágústsson

Pórir Sveinsson, fjármálastjóri Ísafjarðarbæjar

Ekki ráðlegt að lækka fasteignagjöld

Ekki er ráðlegt að lækka álagningu fasteignagjalda að mati Póris Sveinssonar fjármálastjóra Ísafjarðarbæjar, þar sem slíkt myndi auka enn á tekjuvanda sveitarfélagsins. Fasteignamat í Ísafjarðarbæ hækkaði mismikið á einstakar eignir og í einstökum byggðakjörnum á síðasta ári. Fasteignamat á atvinnuhúsnæði hækkaði ekkert (0%) á meðan

fasteignamat á íbúðarhúsnæði hækkaði um 20% á Ísafirði, 15% á Suðureyri, Flateyri og í Hnífsdal, og um 5% á Þingeyri. Fasteignamat á sumarhúsum hækkaði um 10%.

Í forsendum fjárhagsáætlunar Ísafjarðarbæja fyrir árið 2006 er gert ráð fyrir að fasteignamat allra fasteigna hækki að meðaltali um 12% og að tekjur sveitarfélagsins hækki

þar með að sama skapi. Í forsendunum er gert ráð fyrir að tekjur vegna álagðra fasteignagjalda verði tæpar 131 milljón króna en við keyrslu álagningar fasteignagjalda í dag er upphæð þeirra rúmlega 125 milljónir króna. Mismunur innheimtra fasteignagjalda samkvæmt fjárhagsáætlun ársins og fyrstu keyrslutalna álagningar 2006 er því um 5,5

milljónir króna í mínus.

Ragneiður Hákonardóttir bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ sendi bæjarfulltrúum bréf þess efnis í janúar að hún teldi hækkingu fasteignagjalda í Ísafjarðarbæ allt of mikla. Vegna þess að hækking fasteignamats væri meiri en búist var við í fjárhagsáætlunum þá yrði um mun meiri hækkingu fasteigna-

gjalda á hvert heimili að ræða en fyrirhugað var. Hún lagði því til að álagning fasteignagjalda yrði endurskoðuð.

Bæjarstjórn samþykkti að gera úttekt á álagningu fasteignagjalda hjá Ísafjarðarbæ og gefa niðurstöður hennar nú til kynna að ekki sé ráðlegt að lækka álagninguna.

— gudrun@bb.is



Pórir Sveinsson.

Gengið til samninga við Skeljung

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt tillögu bæjartæknifræðings þess efnis að gengið skuli til samninga við Skeljung hf. um kaup á eldsneyti og olíuvörum fyrir bæinn, í samræmi við tilboð þeirra í nýlegu útboði. Tilboð búrast frá Esso annars vegar og Skeljungu hins vegar.

Tilboð Esso hljómaði upp á 2.451.248 kr., og Skeljungur skilaði tveimur tilboðum þar sem annars vegar var gert ráð fyrir afslætti í prósentum, eins og farið var

fram á í útboðsgögnum, og hljómaði það tilboð upp á 2.241.890 kr. og hins vegar þar sem gert var ráð fyrir afslætti í krónum, eins og er vinnuregla hjá Skeljungu, og hljómaði það tilboð upp á 260.400 kr.

Að sögn Jóhanns Birkis Helgasonar, bæjartæknifræðings, verður gengið til samninga við Skeljung á grundvelli tilboðsins þar sem gert er ráð fyrir afslætti í prósentum, enda hafi verið gert ráð fyrir því í útboðsgögnum. — eirikur@bb.is

Markmiðið að efla vitund á mikilvægi Neyðarlínunnar

Árlegi 112 dagurinn verður haldinn í annað sinn á laugardag. Af því tilefni munu viðbragðsaðilar um land allt kynna starfsemi sinni. Á Ísafirði hefst dagskrán á því að bifreiðum lögreglunnar og slökkviliðsins auk sjúkrahúsum verður ekið með blikkandi ljósum frá Skeiði á Eyri um kl. 12:30. Frá kl. 14-16 verður síðan opið hús hjá lögreglunni og slökkviliðinu.

„Fólki er frjálst að koma og

skoða tæki og tól og kynna sér hvernig Neyðarlínan virkar. Við hvetjum fólk sérstaklega til að koma með börnin sín“, segir Öundur Jónsson, yfirlöggregluþjónn á Ísafirði. Einn og kunnugt er má með því að hringja í 112 virkja á augabragði lögreglu, slökkvilið, almannavarnir, Landhelgisgæsluna, sjúkraflutningamenn, lækna, hjálparlið og

sjálfbóðaliða.

Markmiðið með 112 deginum er að kynna neyðarnúmerið og starfsemi aðilanna sem tengjast því, efla vitund fólks um mikilvægi þessarar starfsemi og hvernig hún nýtist almenningi. Einnig er markmið dagsins að efla samstöðu og samkennd þeirra sem starfa að forvörnum, björgun og almannavörnum og undirstrika mikilvægi samstarfs þeirra og samhæfingar. — thelma@bb.is



Hrönn ÍS-303. Mynd: skip.is

Notuðu neyðarblyss

Björgunarsveitir voru kallaðar út kl. 21:17 á þriðjudagskvöld í síðustu viku vegna neyðarblyss sem sést hafði fyrir utan Öundurarfjörð. Þegar björgunarsveitir voru við það að leggja af stað um tíu mínútum síðar kom í ljós að ekki var um neyð að ræða og voru þær því afturkallaðar.

Báturinn Hrönn ÍS-303 frá Suðureyri varð vélarvana út af Sauðanesi og fékk skipstjóri hennar annan bát til að taka sig í tog og var með blyssinu að vísa honum til sín. Að sögn Tilkyningarskyldunnar er vafamál að nota neyðarblyss á þennan hátt því það geti misveldlega valdið þeim miskilningi að hætta sé á ferð.

Skipstjóranum láðist að tilkynna tilgang neyðarblyssins og að hann hefði fengið einhvern sér til aðstoðar. — gudrun@bb.is

Sprautuverkstæði opnar í Súðavík

Til sendur að opna sprautuverkstæði í Súðavík í mars. Jónas Skúlason stendur að stofnun fyrirtækisins í félagi við þrjá aðra. Verkstæðið mun heita Minney ehf. og verður til húsa í hinum nýju iðngörðum á Langeyri.

„Sprautuklefinn kemur frá Ítalíu í mars og er í stærra lagi, það stór að inn í hann

kemst Benz Sprinter“, segir Jónas. „Það er verið að vinna í húsnæðinu en í þessum töluðu orðum var ég að fá réttigabekkingu og allan pakkann í hús. Ég vonast til að það verði 2-3 starfsmenn á verkstæðinu og held það verði nóg að gera, þeir hafa allavega ekki við á verkstæðinu á Ísafirði.“

Frambjóðendur Vinstri Grænna kynntir

Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur tilkynnt hverjir frambjóðendur flokksins verða til sameiginlegs prófkjörs minnihlutaflokkanna í Ísafjarðarbæ. Þeir eru Haraldur Tryggvason verkamaður á Ísafirði, Jóna Benediksdóttir ástodarskólástjóri á Ísafirði, Stefán Björgvin Guðmundsson á Ísafirði og Lilja Rafney Magnúsdóttir á Suðureyri sem er formaður VG í Ísafjarðar-

bæ. Nöfnin hafa verið afhent sameiginlegri kjörstjórn Vinstri Grænna, Samfylkingarinnar og Frjálslyndra óháðra.

Flokkarnir mynda saman Í-listann og fer prófkjör hans fram 25. febrúar. Hver hinna þriggja flokka mun tilnefna fjóra frambjóðendur í prófkjörið, alls tólf manns, sem valið verður úr í fjögur efstu sæti listans. Kjörrið verður bindandi í þau sæti. Kjör-

stjórnin sér um framkvæmd sameiginlega prófkjörsins en hana skipa Aðalbjörg Sigurðardóttir, Birkir Friðbertsson og Kristmann Kristmannsson. Kjörrið er opið öllum kjósendum sem ekki eru flokksbundnir í öðrum stjórnmalaflokkum. Frambjóðendur Samfylkingarinnar Sigurður Pétursson, Arna Lára Jónsdóttir, Björn Davíðsson, Kolbrún Sverrisdóttir. — thelma@bb.is

■ RITSTJÓRNARGREIN

Lykill að þekkingarsamfélagi morgundagsins

Formleg opnun Háskólaseturs Vestfjarða fór fram í húsnæði stofnunarinnar við Árnagötu á Ísafirði á laugardag að viðstöddum fjölda gesta þar á meðal fimm ráðherrum. Fyrir daginn kom fulltrúaráð Háskólasetursins saman til fundar, en það er m.a. skipað fulltrúum frá flestum háskólum landsins. Þar rakti formaðurinn, Halldór Halldórsson, bæjarstjóri, gang mála frá stofnun þess 12. mars 2005. Auk þess sem Háskólasetrinu bárust margar og góðar gjafir og hlýjar óskir af tilefninu var undirritaður samningur um framtíðar rekstur og uppbyggingu þess við ráðuneyti menntamála, iðnaðar og viðskipta.

„Ég er sannfærður um að háskólasetur Vestfjarða mun innan tíðar verða Háskóli Vestfjarða og sem slíkur aðgöngumiði eða lykill svæðisins að þekkingarsamfélagi morgundagsins“, segir Runólfur Ágústsson, rektor Háskólans í Bifröst á heimasíðu sinni, en í hófi að lokinni vígsluathöfn færði hann Peter Weiss, forstöðumanni Háskólaseturs, ófnislega gjöf frá Bifröst hvar í felst í ríkrum samstarfsvilji og góður hugur til stofnunarinnar, eins og það var orðað.

Rík ástæða er til að fagna að tilvist Háskólaseturs Vestfjarða hefur nú verið staðfest af stjórnvöldum. Hér eftir liggur leiðin beint fram á við að settu marki: fullgildum Háskóla Vestfjarða. Um þá vegferð verður að ríkja sátt og samlyndi þótt áhugi manna um göngu-

hraða kunni að skerast eilítið. Markmiðið næst ekki nema heimamenn séu samstíga og nýti jafnframt til fulls þann velvilja og skilning sem við greinilega njótum víða í þessum efnunum. Sá stuðningur er afar mikilvægur. Ekki síst þegar við getum verið viss um að úrtöluraddir öfundar og þröngsýni eiga áreiðanlega eftir að láta á sér kræla.

Vestfirðingar hafa kosið að taka ekki þátt í kapphlaupinu um álver. Þeir vilja fara aðrar leiðir. Byggja upp annars konar stóriðju. Háskóli á Vestfirðum vegur þungt á þeim vogarskálum. Hér eru allar aðstæður til að byggja upp gott fræða og rannsóknarsetur í tengslum við einstæða náttúru og auðlindir. Gott dæmi um hvað hér er hægt að gera er Fjord Fishing, fyrirtæki sem stofnað var síðast liðið sumar í kringum stjóstangaveiði, sem nýtur vaxandi vinsælda um víða veröld. Nú í apríl og maí munu um 700 manns koma til Tálknafjarðar og Súðavíkur til veiða og útivistar í vestfirskri náttúru. Og komast færri að en vilja.

Þótt svo fari, sem er von og trú margra, að Vestfirðir eigi eftir að rétta úr kútnum hvað varðar veiðar og vinnslu sjávarfangs er engum vafa undirorpið að í því í umhverfi sem við búum nú við og stöðugt er að breytast, er okkur lífsnaudsýn á þeim lykli sem Háskóli Vestfjarða mun verða að þekkingarsamfélagi morgundagsins.

s.h.

Brandugla villtist inn í fjárhús að Tröð í Önundarfirði

Brandugla villtist inn í fjárhús á bænum Tröð í Önundarfirði á miðvikudagskvöld í síðustu viku. „Sonur okkar var úti í fjárhúsum að fara að gefa þegar hann heyrði allt í einu þyt fyrir ofan sig og fann eitthvað stórt og mikið fljúga yfir höfuðið á sér“, segir Helga Dóra Kristjánsdóttir húsfreyja á Tröð.

„Honum varð hverft við svo að á hinum risu öll hár og þegar hann leit upp sá hann fugl en var ekki viss um hvaða tegund þetta væri. Við erum vön þröstum og maríuerlum í fjárhúsum á sumrin en alls ekki uglum. Hann fór því inn og sótti þabba sinn og þeir fóru saman og litu betur á og komust þá að því að þetta væri brandugla. Það var gott veður og opnar stórar dyr á fjárhúsum sem hún hefur flogið inn um. Við lokuðum svo hún kæmist ekki út því okkur fannst þetta svo merkilegt og vildum láta vita af þessu. Hún hefur væntanlega verið að leita að æti, mér skilst að þær eigi það til að fara heim að sveitabæjum í leit að húsamúsum. Við höfum aldrei séð svona uglu en ég

veit að í Holti hefur sést bæði brandugla og snæugla. Við sleppum henni fljótlega, hún á heima úti í náttúrunni. En þetta var óskaplega skemmtileg heimsókn“ segir Helga Dóra.

Að sögn Bóðvars Þórissonar hjá Náttúrustofu Vestfjarða eru branduglur frekar sjaldgæfar á Vestfjörðum. „Þær verpa aðallega í Reykhólasveitinni en hafa sést að sumarlagi í Strandasýslunni. Það er alltaf einn og einn fugl sem flækist hingað á veturna. Allir fuglar flækjast út um allt og oft er um að ræða ungfugla. Þeir geta verið að leita sér að nýju óðali eða þá bara mat. Uglan hefur líklega verið að elta mús eða lítinn fugl þegar hún flaug inn í fjárhúsin“, segir Bóðvar.

Stofn brandugla er lítill hér á landi, líklega ekki nema um 100-200 varppör en 200-500 fuglar yfir vetrartímann. Þær lifa aðallega á músum en einnig á litlum vað- og spörfuglum og ungum. Branduglur eru alfríðaðar.

– gudrun@bb.is



Branduglan sem villtist inn í fjárhúsin að Tröð.

Mikill áhugi

Kynningarfundur um svokallaðan Tækniþróunarsjóð, sem haldinn var í Þróunarsetri Vestfjarða í síðustu viku var afar vel sóttur. Búist er við verulegri fjölgun umsókna miðað við móttökurnar en fundurinn var ætlaður væntanlegum umsækjendum. Tækniþróunarsjóður er sérstakur sjóður sem fjármagnar nýsköpunarverkefni. Hlutverk sjóðsins er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

Frambjóðendur frjálslyndra

Magnús Reynir Guðmundsson, Kristján Andri Guðjónsson, Rannveig Þorvaldsdóttir og Ásthildur Cesil Þórðardóttir verða frambjóðendur Frjálslyndra og óháðra til sameiginlegs prófkjörs minnihlutaflökkanna í Ísafjarðabæ. Sameiginleg kjörstjórn Samfylkingarinnar, Vinstri Grænna og Frjálslyndra hefur nú fengið nöfn allra frambjóðendanna í hendurnar. Flokkarnir mynda saman Í-listann og fer prófkjör hans fram 25. febrúar.

Gísli Halldór Halldórsson, frambjóðandi í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ skrifar

Fylgjum eigin hjarta

Ég tel mig hafa efni á að flagga orðunum trausti, heilindum og hlustun. Þeir sem hafa unnið með mér geta vitnað þetta sem einkenni mín. Jafnframt eru hreinar línur að ég fælist ekki að taka ákvarðanir. Ég tel mig geta auðveldað fólk að starfa saman af heilindum en skiptast þó óhikað á skoðunum. Samstarfs- og sameiningareiginleikar er það sem ég hef að bjóða.

Gagnsæi og skilvirkni

Ég hef áður skýrt frá þeim vilja mínum að skrifstofur og stofnanir bæjarins verði að betur samverkandi heild í þágu íbúanna. Stjórnun og boðleiðir verða að einkennast af gagnsæi og skilvirkni. Skapa þarf ríka þjónustulund og samstöðu. Nota þarf þekkingu starfsfólks bæjarins, sem veit oft best hvernig

á að vinna verkin þeirra, á þetta fólk þarf að hlusta.

Lægri gjöld og stærri sundhallir

Fjórðugur Ísafjarðarbæjar þyrfti að vera rýmri. En til þess að hann verði undir okkar stjórn, fremur en við ofurseld honum, þarf að halda varlega á. Það þarf að sýna aðgætni í vali á verkefnum, ráðast ekki í meira en geta leyfir en drífa samt í að gera það sem skilar okkur hagsæld og fram á veginn. Við þurfum að koma upp þeirri sund- og líkamsræktaradstöðu sem bæjarbúar þróa eins fljótt og auðið er. Samt viljum við lægri gjöld. Skoða þarf hvað við höfum, hvar við erum og hvert við ætlum, að því loknu er þetta bara spurning um að fara stystu leiðina.

Íþróttir og skóli

Það er draumur minn að

þróa grunnskóla á þann hátt að hann falli betur að nútímanum og samfélagi eins og Ísafjarðarbæ. Ramma laga sníður okkar að vísu stakinn, en með opnum huga má gera margt. Sérstaklega horfi ég til þess að íþróttafélög gætu hafið samstarf við skólann, til eflingar bæði fyrir skólann og starfsemi félaganna. Þá finnst mér verði að skerpa línurnar í þeim hálfgerðu þversögnum sem eru „einstaklingsmiðað nám“ og „skóli án aðgreiningar“. Ég bind reyndar vonir við að tölvur og hugbúnaður auki möguleikana á einstaklingsmiððu námi og eftir það verði sáralítill þörf á aðgreiningu. Eftir þessum breytingum þarf að leita og stuðla að þeim sem fyrst.

Látlið taka mark á ykkur

Í prófkjörinu sem haldið verður laugardaginn 11. febr-

úar, verður félögum í Sjálfstæðisflokkinum, 16 ára og eldri, gefinn kostur á að kjósa. Þeir sem hafa ekki þegar skráð sig í flokkinn geta gert það á kjörstað. Það er sjálfsagt að ganga í stjórnmalaflokk og hafa þannig eitthvað um málin að segja. Því fylgja ekki loforð um að félagarnir verði ævinlega sammála. Það er einmitt einkenni framþróunar að tekist sé á um málefni og skoðanir séu skiptar, þó ágreiningur sé jafnaður að lokum. Mætið á kjörstað, skráið ykkur í flokkinn séuð þið ekki þegar félagar, og hafið áhrif.

Renndu á Möwe gegnum líftö

En þegar á hólminn er komið og þið á kjörstað, þá mun ég ekki frekar en aðrir greiða atkvæði fyrir ykkur. Greiðið atkvæði eins og þið teljið réttast, horfið þó fram hjá göllum



Gísli Halldór Halldórsson.

fólksins og einblínið á kostina. Það er á sameiginlegum mannkostum sem við ætlum að byggja árangur listans. Fylgjum eigin hjarta, eða eins og segir í Möwe kvæði Þórarins Eldjárns:

Þannig fer ef vilji manns er veill, Vönkuð lundin allt hið rétta svikur. Það er best að vera hreinn og heill, í hug og verki trausta bjargi líkur.

Gísli Halldór Halldórsson. Höfundur býður sig fram í 1. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ.

bb.is – fjölsóttasti vefur Vestfirðinga!

Hvar auglýsir þú?

● Sælkeri vikunnar · Jóhanna Bjarnþórsdóttir í Bolungarvík

Einfalt og framandi

Sælkerinn býður upp á tvo spennandi rétti og dísetan eftirrét. Fyrst býður Jóhanna upp á Fiskirétt fjölskyldunnar sem er einfaldur og fljótlegur í matreiðslu. Hún mælir með að bera réttinn fram með hrísgrjónum, brauði og salati. Svo kemur hún með framandi kjúklingarétt. Sem meðlæti mælir hún með að brúna kókosmjöl á þurri pönnu og bera fram með bananabitum, naanbrauði ásamt salati og

fetaosti.

Fiskiréttur fjölskyldunnar

Hveiti
Karrý
Salt
Ýsa
Kaffi eða matarrjómi
Sojasósa

Kryddið hveitið með karrý og salti. Veltið fiskinum upp úr hveitinu og steikið á vel heitri pönnu, Hellið matarrjóma eða kaffi út á pönnuna

ásamt sojasósu eftir smekk. Látlið malla í smástund.

Kjúklingaréttur

1 dl olía
4 msk karrý
4 kjúklingabringur
250g sveppir
1 laukur
1 krukka mangó chutney
1 peli rjómi

Skerið kjúklingabringurnar í tvennt eða prent. Veltið kjúklingnum upp úr olíu sem

búið er að krydda með karrý. Brúnið á pönnu og setjið í eldfast mót ásamt sveppunum. Svissíð á pönnu. Setjið í heitan ofn á 180° í 15-20 mín.

Eftirrétur

20-25 makkarónur
2 eggjarauður
60g flórskyur
100g Toblerone
1 peli þeyttur rjómi
Ávextir t.d. kíví, vínber
banani og jarðaber



Þeytið saman makkarónurnar, eggjarauðurnar og flórskyurinn. Blandið öllum hráefnunum saman og setjið í form.

Ég skora á Önnu G. Edvardsdóttur í Bolungarvík að vera sælkeri næstu viku.

Útboð á almenningsamgöngum í Ísafjarðarbæ

Lagt til að gengið verði til samninga við Stjórnubíla


Bæjartæknifræðingur Ísafjarðarbæjar hefur lagt til að gengið verði til samninga við Stjórnubíla ehf. á Ísafirði um almenningsamgöngur í Ísafjarðarbæ á grundvelli tilboðs þeirra, enda uppfylli fyrirtækið þær kröfur sem gerðar eru í útboðsgögnum. Um var að ræða fjögur verk, innanbæjar-samgöngur á Ísafirði og leiðirnar Ísafjörður - Suðureyri, Ísafjörður - Flateyri og Ísafjörður - Þingeyri. Tilboð bærust frá sex aðilum; Stjórnubílum ehf., Elíasi Sveinssyni, F&S Hópfærðabílum ehf., Teiti Jónassyni, Sophusi Magnússyni og Ferðapjónustu Margrétar og Guðna ehf. (FMG). Auk þessa lögðu Stjórnubílar fram frávikstilboð. Ýmist var boðið í einstakrar leiðir eða allan pakkann. Bæjarráð frestaði afgreiðslu þar til tilskilin gögn, með tilvísun til útboðsgagna, liggja fyrir.

Fjögur tilboð bærust í innan-

bæjaraksturinn. Lægsta boð var frá Teiti Jónassyni eða 7.244 þúsund krónur. Næst lægsta boð var frá Stjórnubílum, 11.681 þúsund krónur. Þá bauð FMG 16.005 þúsund krónur og Sophus Magnússon bauð 22.499 þúsund krónur. Í leiðina Ísafjörður - Suðureyri bærust fjögur tilboð. Lægsta tilboð áttu Stjórnubílar ehf. upp á 4.270 þúsund kr. Teitur Jónasson bauð 4.629 þúsund kr. Sophus Magnússon bauð 4.951 þúsund kr. og FMG bauð 5.203 þúsund kr. Í leiðina Ísafjörður - Flateyri bærust sex tilboð og var lægsta tilboðið frá Elíasi Sveinssyni, upp á 4.007 þúsund kr. Þá barst tilboð frá F&S Hópfærðabílum ehf. upp á 4.126 þúsund kr. Stjórnubílar ehf. bauðu 4.270 þúsund kr., Teitur Jónasson bauð 4.629 þúsund kr., Sophus Magnússon bauð 4.951 þúsund kr. og FMG bauð 5.203 þúsund kr. Í leiðina Ísafjörður - Þingeyri bærust

fjögur tilboð og áttu Stjórnubílar lægsta boðið, upp á 8.663 þúsund kr. F&S Hópfærðabílar ehf. bauðu 11.721 þúsund kr., Sophus Magnússon bauð kr. 12.740 þúsund og Teitur Jónasson bauð 13.148 þúsund kr.

Frávikstilboð barst frá F&S Hópfærðabílum ehf. þar sem leiðir 3 og 4, það er Ísafjörður - Flateyri og Þingeyri - Ísafjörður, eru sameinaðar. Miðað er við að áætlanarferðum fjölgi um eina við þessa tilhögun, og hljóðar þá tilboðið upp á 13.591 þúsund kr. í þessa sameinuðu leið. Ef litið er til þeirra sem buðu í allan pakkann, samkvæmt ofansögðum tölum, eru þeir þrír, þ.e. Stjórnubílar, Teitur Jónasson og Sophus Magnússon. Teitur Jónasson bauð 29.650 þúsund í það heila, Sophus Magnússon bauð 45.141 þúsund í það heila og Stjórnubílar bauðu 28.884 þúsund í það heila, en 29.542 í frávikstilboði sem gerir ráð fyrir einni



Stjórnarsýsluhúsið á Ísafirði.

aukaferð.

Samningur á að taka gildi frá og með 1. júní 2006, og verður hann gerður til fimm og hálfis árs með heimild um árs framlengingu. Þá verður í honum ákvæði um að hann megi endurskoða ef til verulegra verðlækkana kemur á samningstímanum.

– eirukur@bb.is

Suðureyri

Vilja endurvekja fiskeldi

Golan ehf. og Margrét ehf., sem gera út króka-aflamarksbátana Goluna ÍS-35 og Margrétu ÍS-202, hafa óskað eftir afnotarétti af svokölluðu lóni innan við Sætún á Suðureyri til að nýta undir áframeldi á þorski. Í bréfi sem sent var Ísafjarðarbæ vegna málsins segir meðal annars:

„Á íbúðingum Ísafjarðarbæjar vorið 2005 komu fram hugmyndir íbúa að endurvekja þorskeldi í svonefndu lóni og tengja eldið við ferðapjónustu og mun ferðapjónustufyrirtækið Sjávarþorpið Suðureyri ehf. koma að þessu verkefni með það að markmiði að gera lónið aðgengilegt fyrir ferðamenn því áður fyrir var lónið mjög vinsæll áningarstaður ferðamanna.“

– eirukur@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

KERFISSTJÓRI – FRAMTÍÐARSTARF

Leitað er eftir starfsmanni til að sinna tölvubúnaði Ísafjarðarbæjar ásamt ýmskonar notendapjónustu tengdri þeim hugbúnaði sem Ísafjarðarbær notar.

Um er að ræða nýtt starf og leggur bæjarfélagið metnað sinn í uppbyggingu þess. Nýr kerfisstjóri mun taka virkan þátt í mótun þeirrar uppbyggingar.

Hæfniskröfur:

· Reynsla og þekking á Unix og Linux og kerfisstjórn í þeim stýrikerfum er kostur.

· Kerfisstjóra er nauðsynlegt að hafa góða þekkingu á verkefnastjórnun. Metið sem kostur.

· Mikilvægur hluti satrfs kerfisstjóra er að aðstoða starfsmenn og því er færni í mannlegum samskiptum og þjónustulund nauðsynleg.

· Hæfileiki til að vinna sjálfstætt og vilji til að þróa starf sitt og þjónustu eru einnig mikilvægir kostir.

· Microsoft prófgráður og/eða háskólanám í tölvunar- og verkfræði er æskilegt en ekki skilyrði.

Umsóknarfrestur er til 20. febrúar 2006. Vinsamlegast sendið skriflega umsókn ásamt fylgigögnum til: Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði.

Allar frekari upplýsingar veitir Þorleifur Pálsson, bæjarritari í síma 450 8000. Starfslýsing ásamt auglýsingu er að finna á heimasíðu Ísafjarðarbæjar: www.isafjordur.is

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Ferðapjónustufyrirtækið Sjávarþorpið Suðureyri ehf.

Vill útbúa lóðir fyrir fjögur smáhýsi

Ferðapjónustufyrirtækið Sjávarþorpið Suðureyri ehf. hefur sótt um leyfi til að útbúa lóðir fyrir fjögur smáhýsi, hvert um sig u.þ.b. 80 fermetra stór, á svæði milli Sætúns og Þjóðvegur í Súgandafirði. Að sögn Elíasar Guðmundssonar, hjá Sjávarþorpinu Suðureyri, er um að ræða gistihúsnæði fyrir ferðamenn.

„Við erum að láta reyna það hvort við getum hús til að stækka ferðapjónustuna hjá okkur. Þessi hús verða þá til útleigu fyrir sjóstangveiðifólk og fleiri“, segir Elías. Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar tók erindið fyrir á fundi sínum í síðustu viku og tók vel í erindið en benti umsækjanda á að hann þyrfti að útbúa deili-



Skissa af fyrirhuguðum lóðum.

skipulag fyrir svæðið og leggja fyrir umhverfisnefnd.

Að sögn Elíasar stendur nú fyrir dyrum að fara í deili-

skipulagsmeðferð á svæðinu. – eirukur@bb.is

Framsóknarflokkurinn í Ísafjarðarbæ

Stillir upp á framboðslista

Stíllt verður upp á framboðslista hjá Framsóknarflokknum í Ísafjarðarbæ fyrir kosningar til sveitarstjórnar í vor. Að sögn Ingu S. Ólafsdóttur hjá Framsóknarfélaginu í Ísafjarðarbæ hefur verið ákveðið að varastjórn flokksins og fulltrúi ungra framsóknarmanna muni ræða saman á lista. Ekki er enn ljóst hvenær

því starfi skal lokið. „Það er verið að vinna í málinu og við vonum að því ljúki fljótlega“, segir Inga.

Auk Framsóknarflokksins munu Sjálfstæðisflokkurinn og sameiginlegt framboð Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs, Samfylkingarinnar og Frjálslyndra og óháðra bjóða fram. Sjálfstæðisflokkurinn heldur hefðbundið próf-kjör 11. febrúar nk, en sameiginlega framboðið hefur boðað til hólfaprófkjörs 25. febrúar.

Í síðustu sveitarstjórnarmunnu hlaut Framsóknarflokkurinn 401 atkvæði, eða 17,5% af gildum atkvæðum og tvo menn kjörna. Sjálfstæðisflokkur hlaut 810 atkvæði, eða 35,3% og fjóra

kjörna. Frjálslyndir og óháðir hlutu 307 atkvæði eða 13,4% og einn mann kjörinn. Samfylkingin hlaut 526 atkvæði eða 22,9% og tvo menn. Vinstrihreyfingin grænt framboð hlaut 149 atkvæði, eða 6,5% og engan mann kjörinn, og Nýtt afl hlaut 104 atkvæði eða 4,5% og engan mann kjörinn.

– eirukur@bb.is

Alltaf staðráðinn að koma aftur til Íslands

Helgi Sigmundsson kom aftur heim fyrir tæpum tveimur árum eftir að hafa verið í Bandaríkjunum í sérnámi í læknisfræði. Hann starfar nú sem læknir á Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar. Hann er einnig formaður Korfuknattleiksfélags Ísafjarðar og sér fram á ýmsar breytingar hjá félaginu. Bæjarins besta ræddi við Helga um þessi tvö krefjandi störf hans.

– Byrjum á byrjuninni, hvaðan ertu?

„Ég fæddist í Reykjavík fyrir rúmum 38 árum og ólst upp þar og í Mosfellsbæ. Ég leysti af Ágúst Oddson lækni í Bolungarvík 1992 og þar hitti ég fyrst konu mína, Kristínu Örnólfsdóttur. Þannig má segja að ég hafi fengið ríku-legru laun en um var samið í upphafi sumars. Við höfum búskap fljótlega á eftir í Reykjavík en fluttumst svo vestur í upphafi árs 1996, með ört stækkandi fjölskyldu. Þá sinni ég stöðu heilsugæslu-læknis á Ísafirði. Við eigum þrjú börn, Sigmundur Ragnar 12 ára, Málfríði Örnú 9 ára og Kjartan Daníel næstum því fimm ára.

Við fluttum frá Ísafirði til Bandaríkjanna sumarið 1998 þar sem ég hóf sérnám í lyf-lækningum. Þetta var í Iowa city í Iowa fylki. Iowa er eitt af miðvestur fylkjum Bandaríkjanna og mikið landbúnaðarhérað. Ég var á University Hospitals and Clinics of Iowa, sem er skemmtilegur og öflugur vinnustaður. Þarna vorum við í þrjú mjög góð ár. Þetta var mjög athyglisverður tími, og Iowa City góður staður til að öðlast þjálfun í læknisfræði og ekki síður fjölskylduvæn borg. Það er óhætt að segja að reynslan hafi verið mjög góð reynsla fyrir alla fjölskylduna. Ég tel það vera hollt að flytja burt frá öllu sem maður þekkir og læra að fóta sig í nýju umhverfi. Í rauninni tel ég það vera stóran hluta af námi erlendis. Ætli við höfum ekki öll verið í nokkurs konar námi á einhvern hátt á meðan við dvöldum ytra og vonandi tekið eitt-hvað af þeirri reynslu með okkur.

– Er Iowa city stór borg?

„Nei, það er hún ekki. Þar búa um 120-150 þúsund manns en reyndar eru þar af um 25-30 þúsund háskólanemar. Við fluttum frá Iowa 2001 til Cleveland í Ohio sem er einnig í miðvesturríkjum. Cleveland er stærri borg og íbúarnir um 3 milljónir íbúa ef úthverfi eru meðtalin. Þar

eru gríðarstórir spítalar og var ég á háskólasjúkrahúsi þar sem heitir University Hospitals of Cleveland og er nátegt Case-Western Reserve háskólanum. Þetta var mjög gott sjúkrahús og háskóli og frábært tækifæri að komast þar að í námi í undirsérgrein minni sem eru meltingarlækningar. Eftirspurn eftir þess konar námsstöðum er mjög mikil og samkeppnin því hörð, tvö til þrjú hundruð manns sem kepptu venjulega um hverja stöðu. Þar var yfirmaður minn Michael V. Sivak, sem er mjög vel þekktur í þessum geira.

Hann hefur komið nokkrum sinnum til Íslands og spurði mig eitt sinn hvort ég þekkti Tómas Árna Jónasson meltingarlækni á Íslandi. Ég játti því og sagði að hann væri reyndar frændi konu minnar. Hann hélt ró sinni og taldi það kannski ekki koma sér svo mikið á óvart m.t.t. fjölskyldu á Íslandi. Hann þekkti vel Tómas Árna og hafði reyndar komið fyrst hingað til lands fyrir hans tilstuðlan. Í Cleveland var mikill hraði og mikið að gera hjá mér á spítalanum og kannski varði ég of miklum tíma innan veggja hans til þess að upplifa borgina sem skyldi. Kristín og börnin nutu sín e.t.v. betur að því leyti. Við hjuggum í dæmigerðu íbúðahverfi þar sem nánast eingöngu voru heimamenn og við því held ég einu innflytjendurnir eða nýbúarnir í götunni okkar. Fengum við í gegnum nágranna okkar og vini í Cleveland góða innsýn inn í heim sem við höfðum ekki kynnst áður. Þetta er kannski hin dæmigerða Ameríka og er t.d. minnistæður dagurinn sem sonur einnar konu í götunni koma heim eftir herþjónustu í Afganistan. Öll gatan var skreytt og borðalögð með fánalitum, og fann maður að samstaðan var mikil þarna.

Við kynntumst einnig þessari samstöðu eftir hinar hörmulegu hryðjuverkaárásir 11. september 2001, þótt vissulega hefðu þeir vodafone atferðir orðið í mikilli fjarlægð



í kílómetrum talið fannst greinilega að þjóðin upplifði þá sameiginlega að vissu leyti.

Í tengslum við mörg háskólasjúkrahús í Bandaríkjunum eru svokallaðir VA spítalar. Þar sækja fyrrverandi heilmenn úr Bandaríkjaher heilbrigðisþjónustu og var ég svo heppinn að bæði í Iowa og Cleveland voru svona sjúkrahús sem ég fékk að vinna á. Gömlu hermennirnir hafa sín sérkenni en voru yfirleitt ærlegir karlar og var gaman að fá að kynnst þeim. Miklir sögumenn sumir og fannst mér einna helst hægt að líkja þeim við gamla sjómenn frá Íslandi. Kannski eiga þeir einhverja lífsreynslu sameiginlega t.d. í tengslum við lífs-hættur og einangrun frá fjölskyldum. Á þessum hermannasjúkrahúsum sá maður mikið af sjúkdómum og fékk dýrmæta reynslu.

Það er ekki laust við að sumt komi mér spánkt fyrir sjónir eftir að hafa verið fjarri í nokkur ár. Þá á ég t.d. við jafn einfaldan hlut eins og að þurfa að gefa upp aldur og kennitölu þegar myndbandsspóla er tekið á leigu. Slíkt myndi enginn samþykkja held ég í Bandaríkjunum, enda er sambærileg númer talin ákaflega persónuleg og menn fara varlega með þess konar upplýsingar.

Ég var alltaf staðráðinn í því að koma heim til Íslands á meðan dvöl okkar stóð í Bandaríkjunum. Þarna var ekki um að ræða einhverja taumlausa heimþrá, frekar að

kostir Íslands urðu skýrari og því kom í mínum huga ekki til greina að setjast að erlendis. Þess vegna m.a. var ákaflega gott að koma heim til Íslands og Ísafjarðar sumarið 2004. Ég held líka að ég hafi öðlast miklu meiri skilning og addáun á þeim einstaklingum af erlendu bergi brotnum, sem hafa tekið sig upp og hafið nýtt líf á Íslandi. Slíku fylgja mikil átök og tel ég að við eigum að reyna að sækja sem mestan styrk til þeirra og bjóða velkomin eins vel og við mögulega getum, eins og mér reyndar sýnist almennt gert á t.d. Vestfjörðum.

Kostir hins ísfirska samfélags

– Voru ekki mikil viðbrigði að koma heim til Íslands?

„Mér fannst margt hafa breyst þegar við komum heim. Ég var kannski svolítið barnalegur að halda að maður sé sá eini sem er að þroskast og breytast en auðvitað breyttist land og þjóð á sama tíma og við vorum fjarri. Við tókum eftir gríðarlegri fjölgun skyn-dibitastaða á höfuðborgarsvæðinu og víðar undir sömu merkjum og maður þekkti úti.

Án þess að geta nefnt neinar tölur eða byggja á hávísindalegum niðurstöðum tel ég að þjóðin hafi fitnað, og í raun sé hún að stefna í það að ná vinnu mínum í Ameríku hvað það varðar. Annað eftirtækt- aðvert er góðarið sem ríkt

hefur á Íslandi á undanföllum árum. Heilbrigðiskerfið hefur til batnaðar sem betur fer. En einnig sé ég marga hluti sem mættu fara betur. T.d. er erfið sú staða sem við höfum fengið að kynnst hér fyrir vestan að óvissa ríkir í kringum samninga ýmissa sérfræðilækna við Tryggingastofnun sem klára „kvótann“ á seinni hluta árs og sumir hafa ekki treyst sér til að koma vestur síðustu 2-3 mánuði ársins. Þetta skerðir þá þjónustu sem við viljum veita á Fjórðungssjúkrahúsina á Ísafirði. En við ráðum lítið við þetta enda er þetta ekki staðbundið ástand. Þetta þarf að laga og vona ég að það gangi eftir fljótt. Varðandi sjúkrahúsið hefur það í sjálfu sér ekki breyst mikið sem bygging en auðvitað verður alltaf einhver breyting á starfsfólki. Það voru þó mörg kunnugleg andlit sem mættu mér þegar ég kom aftur. Það reyndist mér auðvelt og þægilegt að koma inn í starfið aftur.“

– Er ekki töluvert minna álag á starfinu hér heima en í Bandaríkjunum?

„Það er ekki rétt að bera þetta tvennt saman. Þarna ytra var ég í námsstöðu og nú er ég sérfræðilæknir á sjúkrahúsi, ábyrgðin er því allt önnur nú og þess vegna er álagið alls ekki minna hérna. FSÍ er talsvert minni vinnustaður samborið við erlend háskólasjúkrahús og kannski er meiri eindrægni og samstarfið nánara hér. Það myndast allt óðru-

vísi stemmning á vinnustað þar sem allir þekkjast vel. Ná-lægðin við sjúklinga getur valdið smá álagi því það er erfiðara þegar einhver sem maður þekkir verður alvarlega veikur. Það er samt líka afskaplega gefandi og gott að sinna fólki sem maður kannast vel við.

Ísfirskt samfélag hefur gífurlega kosti sem við íbúarnir sjáum vel en eru stundum ekki augljósir þeim sem ekki þekka aðstæður hér. Ég held að maður verði að kynnst því af eigin raun hversu gott er að búa hér. Fólk hér stýrur vel hvort við annað þegar eitthvað bjátar á og samstaðan er sterk á þeim stundum. Að upplifa slíkt lætur engan ósnortinn og vil ég telja upp sem einn af kostum samfélagsins okkar hér. Þetta er ekki alltaf jafn sýnilegt á stærri stöðum.

Íbúar á Vestfjörðum hafa borið til þess gæfu að hafa mikinn metnað fyrir hönd Fjórðungssjúkrahúsins. Það sannaði sig svo sannarlega þegar almenningur og fyrirtæki tóku sig saman með miklum myndarskap og söfnuðu á mettíma fyrir tölvusneið-myndataki fyrir sjúkrahúsið. Tilkoma þessa tækis verður framfaraskref og okkur öllum til heilla vona ég. Þessi metnaðir íbúanna kallar svo á enn meiri metnað starfsmanna allra á FSÍ og er slíkt samspil mjög æskilegt fyrir okkur öll.

Í þessum kostum byggðalagsins liggja ýmsir möguleikar. Ef rétt er haldið á spöðun-

um felast sóknarfærin okkar í því að geta boðið upp á þetta góða og holla mannlíf, frábært umhverfi og útivist, góða þjónustu á flestum sviðum. Mér eru t.d. skólamálin mjög hugleikin, bæði Grunnskólinn og Menntaskólinn á Ísafirði sem eru hornsteinar báðir tveir. Ég er ekki í vafa um að ef fólk sér hér ásætlanlega starfsmöguleika verður Ísafjörður og nágrenna byggðir fýsilegur valkostur á móti t.d. Suðvestur-horninu.“

Meiri lífslíkur með fyrirbyggjandi aðgerðum

„Meltingarfærin eru heillandi líffæri og meltingarlækningar víðfeðm undirsérgræin. Líffærin eru meltingarvegurinn frá vélinda og niður í ristil auk lifrar og gallvega. Sjúkdómarnir spanna allt frá sýkingum, sjálfsofnæmissjúkdómum að illkynja sjúkdómum eins og t.d. krabbamein. Nóbelsverðlaunin í ár voru veitt meltingarlækni frá Ástralíu sem fann bakteríu í maga fyrir rúmlega tuttugu árum og sýndi fram á að hún veldur maga- og skeifugarnarsárum. Nú er hægt að uppræta þessa bakteríu með sýklalyfjum og koma í veg fyrir endurtekin magasár eins og voru eitt sinn alræmd og leiddu til fjölmargra magaskurða og mikilla veikinda.

Skipulögð skimun fyrir ristilkrabbameinum er það sem er efst á baugi í dag. Skimun felur í sér leit að sjúkdómi eða forstigi hans hjá fólki sem er algjörlega einkennalaust. Við þekkjum þetta t.d. í leit að brjóst- og leghálskrabbameinum hjá konum. Slík leit hefur farið fram á vegum Krabbameinsfélags Íslands til margra ára og er sláandi t.d. sá árangur sem hefur náðst í fækkun dauðsfalla af völdum leghálskrabbameins. Forstig ristilkrabbameins eru góðkynja kirtilfrumæxli eða svokallaðir separ í ristli. Þeir fara yfirleitt að gera vart við sig eftir fimmtugt og er talið að á nokkrum ári kunni sumir þessara sepa að breytast í illkynja krabbamein. Það er best að ná sepunum út áður en þeir fara að gera usla og eins er ákjósanlegra að finna æxli á frumstigi, enda eru lífslíkur sjúklinga mun betri þannig. Þess vegna hefur Landlæknir nú þegar gefið út leiðbeiningar varðandi þessa skimun og heyrir mér að þegar sév hafnar viðræður um hvernig eigi að útfæra skipulega leit að ristilkrabbameini og forstigi þess hérna á Íslandi.

Líklegast verður í fyrstu leit að blóði í hægdásýnum í vissum aldurshópum og ef blóð finnst verður viðkomandi vísað í ristilspeglun. Vonandi fáum við eitthvað meira að frétt á næstunni af þessum málum. Rétt er að geta þess í þessu sambandi að á Ísafirði hefur um margra ára skeið verið bæði tækjábúnaður og þekking til staðar til þess að

framkvæma ristilspeglanir.“

Breytingar framundan í íþróttastarfi á Ísafirði

– Nú ert þú formaður Korfuknattleiksfélags Ísafjarðar, er það ekki krefjandi starf?

„Það er ekki laust við að mikið starf liggja á bak við starfsemi KFÍ en það lendir alls ekki eingöngu á mér, við erum mörg sem vinnum saman í KFÍ. Þarna er stjórn og varastjórn, unglingaráð og svo hefur Baldur Ingi Jónsson borið á herðum sér þjálfun og sitt hvað fleira. Við höfum reynt að dreifa vinnunni eins vel og hægt er og þannig vinan margar hendur létt starf. Við munum halda því áfram og vonum bara að sem flestir vilji leggja lóð sitt á vogarskálina með okkur.

Árangur vetrarins er erfitt að mæla í stigum hjá okkur þessa daga því við stöndum ekki á þeim stað á stigatöflunni hjá meistaraflökki karla þar sem ég hefði kosið. En af nógu öðru er að taka.

Fantadeildin hóf starfsemi þriðja veturinn í röð og hefur Karl Jónsson leitt það starf ásamt félögum sínum í unglingaráði. Þátttaka fer vaxandi með hverju árinu og það er mjög jákvætt fyrir krakkana að fá að hittast og kynna. Þetta er liður í því að sameina nágrennabyggðalögin og kannski stytta vegalengdina á milli staða a.m.k. huglæg.

Stúlknaátak fór af stað í haust og það var hluta til af því að KFÍ fékk fyrirmyndarfélagsstimpil ÍSÍ. Þar var kveðið á hina ýmsu þætti sem eiga að vera til staðar í félagsstarfsemi eins og hjá KFÍ. Þar á meðal var jafnréttisstefna og þá komust menn að því að þarna þyrfti að gera á bragarbót og því ráðist í umrætt stúlknaátak. Það reyndist vera hið mesta heillaráð og um haustið hófu æfingar um 40 stúlkur sem flestar voru nýjrir iðkendur. Margar þeirra ekki allar hafa svo haldið áfram eftir áramót.

Meistaraflokkurinn hefur mestmegnis keyrt á heimamönnum í vetur. En ekki eingöngu því við fengum til liðs við okkur fyrir jóla Antaeus Hayes, ungan mann frá Bandaríkjunum sem mjög jákvæður einstaklingur og fyrirmyndarnáungi í alla staði.“

– Sú stefna að byggja liðið á heimamönnum hefur verið í gangi í nokkur ár, er það ekki rétt?

„Jú, við höfum reynt að gera það en því miður verður að segjast eins og er að árangurinn á stigatöflunni hefur ekki alveg fyllt þeirri ákvörðun. Það hefur valdið mér vonbrigðum að áhorfendur hafa ekki verið eins margir og við vorum von á árum áður. Þetta sáum við bæði í fyrra og svo aftur í vetur. Einnig hef ég tekið eftir því að leiðtogar íþróttahreyfingarinnar á svæðinu sem og bæjarstjórnarmenn hafa ekki verið áberandi á



leikjum okkar. Mörgum þykir skjóta skökku við að Ísfirðingur komi ekki og hvetji lið sem er nánast eingöngu byggt á heimamönnum. Ég hefði gert ráð fyrir því að það myndi alveg fyllt þeirri ákvörðun. Það hefur valdið mér vonbrigðum að áhorfendur hafa ekki verið eins margir og við vorum von á árum áður. Þetta sáum við bæði í fyrra og svo aftur í vetur. Einnig hef ég tekið eftir því að leiðtogar íþróttahreyfingarinnar á svæðinu sem og bæjarstjórnarmenn hafa ekki verið áberandi á

Ég tók við sem formaður okkar tengist samrunferli fjögurra stærstu íþróttafélaganna á svæðinu; BÍ, Sunddeild

draga sig í hlé. Á þeim tímapunkti var mér falið að finna menn í nýja stjórn sem gekk nú greiðlega. Á endanum fór það svo að ég tók við formennskunni þó upprunalega hafði ég ætlað að hætta sjálfur. Ég tók það að mér með því hugarfari að líta á árið sem tímabundið verkefni þar sem hlutverk mitt væri að brúa bilið og leikmenn voru aðfluttir að verulegu eða öllu leyti. Tek þó fram að harður kjarni dyggra stuðningsmanna láta sig helst aldrei vanta á leiki og er alltaf gaman að horfa á KFÍ keppa hérna á Ísafirði með þessu fólki.

Enn eitt megin markmið okkar tengist samrunferli fjögurra stærstu íþróttafélaganna á svæðinu; BÍ, Sunddeild

Vestra, Skíðafélagið og KFÍ. Þessi félag halda uppi öflugasta barna- og unglingsstarfinu á svæðinu og hugmyndin er sú að þau sameinist í eitt félag. Eftir hefur verið til nafnasamkeppni og vona ég að Ísfirðingarnir nálgist hugmyndina með opnum huga, og stingi upp á einhverjum kraftmiklum og góðum vestfirskum nöfnum.

– Það eru því spennandi tímar framundan?

„Ég tel svo vera. Ég mun láta af formennsku nú þegar þetta tímabil er liðið og hætta í stjórn KFÍ. Ég vona að eitthvað hafi tekist að búa í hagginn fyrir félagið á þessu ári og að þeir sem taki við stjórninni geri það svo enn betra fyrir

okkur öll. Ég held að ef af samruna íþróttafélaganna verði, munu starf þeirra sem sitja í stjórnnum væntanlega deilda verða markvissara. Ég hef trú á því að þetta gæti orðið til þess að styrkja starf félaganna/deildanna. Það er óumdeilt að íþróttastarfið er mikilvægur hluti af menningu okkar, forvarnargildi fyrir börn og unglinga hefur oft verið haldið á lofti og líklega er það með sanni. Íþróttirnar og afreksfólk eru hluti af sjálfsmynd samfélags okkar og viss tákmynd samstöðu og stóls. Ég trúi því að þetta sameinaða félag, ef vel lukkast, gæti orðið virkilegt sameiningartákn og öflugt fyrir okkur“, sagði Helgi.– *thelma@bb.is*

Smáauglýsingar

Til sölu er Subaru Forrester árg. 2003, ekinn 78 þús. km. Góður bíll. Upplýsingar í síma 864 9580.

Til sölu er MMC Lancer árgerð 1997, ekinn 178 þús.km. Uppl. í síma 861 4681.

Til sölu er eldavei. Upplýsingar í síma 863 3870.

Til sölu eru Burton Freestyle brettaskó nr. 46.5. Aðeins notaðir í eina klst. Uppl. gefur María í síma 456 3486 og 846 7473.

Gamla apótekið óskar eftir að taka á leigu litla íbúð á Ísafirði fyrir sjálfbodaliða sem munu starfa í Gamla apótekinu frá og með 1. mars. Vinsamlegast hafið samband við Albertínu í síma 456 5700 eða 866 4969.

Við spilum félagsvist í Félagsbæ á Flateyri sunnudaginn 12. febrúar kl. 14. Nefndin.

Óska eftir að kaupa vel með farinn og stillanlegan pianóstól. Uppl. í síma 456 4445.

Óska eftir gömlum eða slitnum borðum (eldhúsbörðum). Við erum tilbúin að ná í þau. Hafið samband í síma 821 4501.

Bílfrelta í Súgandafirði

Fólksbifreið keyrði útaf og fór þrjár veltur í Súgandafirði um sjöleytið á sunnudagskvöld. Bíllinn var á leið frá Suðureyri til Ísafjarðar og varð óhappið utan við Botn í Súgandafirði. Mjög mikil hálsa var á svæðinu.

Þrjú voru í bílnum og þurfti að beita klippum til að ná tveimur út. Allir voru fluttir með sjúkrabíl á Fjórðungs-sjúkrahúsið á Ísafirði en ekki var talið að neinn hefði hlotið alvarlega meiðsl.

Smáauglýsingar

Suðureyrarkirkja: Guðsþjónusta á sunnudag kl. 11:00. Kirkjuskóli alla miðvikudaga kl. 17:30.

Súðavíkurkirkja: Guðsþjónusta kl. 14 á sunnudag.

Hnífsdalskapella: Guðsþjónusta og kirkjuskóli á sunnudag kl. 11. Börnin eru sérstaklega hvött til að mæta. Prestur er sr. Stína Gísladóttir.

Ljósmyndari blaðsins gerðist eirðarlaus á sunnudag og þræddi strandlengju Eyrrar í Skutulsfirði frá Edinborgarhúsi meðfram hafnarbökkum, fjörum og grjótgörðum að gamla Norðurtangahúsinu, sem þessa dagana er verið að breyta í íbúðarhúsnæði. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum lenti margt miður fallett í auga linsunnar: númerslausir fólksbílar, rútur og vörubílar; illa frágengin fiskikör og spýtnabrák; slógur og gúanó; alls kyns ryðgað og

Fegurðin við sjávarsíðuna

brotið járnarust sem fyrir löngu hefur misst notagildi sitt; ófrágengnar netadræsar, símakefli, jurópallettur, og annað slíkt misnothæft rusl. Svo má sjá þar sumarbústað einn sem staðið hefur óhreyfður í nokkur ár og hafa menn spurt sig hvort ekki þurfi að

deiliskipuleggja hafnarvæðið upp á nýtt eigi að leyfa mönnum að parkera sumarbústöðum sínum þar árum saman.

Þegar komið er niður að gamla Norðurtangahúsinu leynist engum að þar eru miklar framkvæmdir í gangi og hefur húsið augljóslega verið

slægt og beinhreinsað að fullu þar sem innvili þess liggja sundurslitin við sjávarsíðuna. Það má spyrja sig hvernig á því stáði að svona nokkuð er ekki fjarlægjafnóðum, enda lítil þrýði af ósómamum. Leiðinlegast hlýtur þó að vera að horfa upp á hafnarbakkann útsubbaðan, þessa forstofu þej-

arfélagsins hvar við eigum þar sem innvili þess liggja 15 þúsund gestum komandi sumar. Flestir hljóta að vera sammála um að það er bæjarfélaginu ekki sæmilegt að bjóða gestum sínum upp á vaða slor og spýtnabrák upp í klof og því er illskiljanlegt hvers vegna ekkert er að gert.



Starfsmaður í gestamóttöku

Starfsmaður óskast til starfa í gestamóttöku hótelsins. Vaktavinna. Einnig vantar okkur starfsfólk til sumarstarfa.

Upplýsingar gefur Áslaug.

Hótel Ísafjörður



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og úttarar bróður okkar

Gísli Aðalsteins Hjartarsonar

Fjarðarstræti 2, Ísafirði

Fyrir hönd aðstandenda

Hjördís Hjartardóttir

Sigurður Bjarni Hjartarson

Viðar Hjartarson

Hilmar Hjartarson

STAKKUR SKRIFAR

Trú, skopskyn og tjáningarfrelsi

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Enn á ný standa íbúar jarðar á öndinni vegna mismunandi skoðana. Ágreiningur mun fylgja fólki hér eftir sem hingað til. Vart verður litid framhjá því að trúarbrögð leika þar stórt hlutverk. Þau hafa orðið kveikjan að mörgu stríðinu og stórstyrjaldir hafa hlotist af. Oftar en ekki hefur lostið saman þeim er teljast kristnir og því fólki sem við höfum vanist að kalla múhameðstrúar, en ætti ef til vill fremur að kenna við Islam. Hinu er ekki að neita að kristnir hafa borist á banaspjót innbyrðis. Alvarlegasta dæmi þess eru átökin á Norður – Írlandi, sem lengi hafa staðið og kostað marga lífið.

Annað dæmi eru átökin á Balkanskaga. Í Serbíu áttust fylgjendur kristinnar trúar og Islam við. Enn er þeirra leitað sem taldir eru bera ábyrgð á þjóðarmorði þar eystra. En höfum við lært eitthvað af sögunni? Því er vandsvarað. Við vitum að áhængendur hinna ýmsu trúarbragða eiga enn í styrjöldum og ráða víða pólitísku landslagi. Öldum saman var grunnt á því góða með Serbum og Albönum í Kosovo, allt frá því Trykir héldu þar völdum eftir sigur Ottoman veldisins árið 1389.

Á Vesturlöndum er mjög lagt upp úr mannréttindum og lýðræði. Oft má reyndar skilja hina ýmsu talsmenn þessarar ágætu hugsjónar svo, að margar tegundir lýðræðis og mannréttinda séu til. Ekki verður nánar vikið að því. Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands tryggir trúfrelsi með ákvæðum sjötta

kafla, sem reyndar hefst með því að ákveða að hin evangelíska lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja og sem slík njóta stuðnings og verndar ríkisins. Allir mega iðka trú sína svo fremi sú iðkun brjóti ekki gegn góðu siðferði og allsherjarreglu. Í 73. gr. stjórnarskrárinnar er tjáningarfrelsi verndað, en menn skulu bera ábyrgð á því sem þeir segja, skrifa eða setja fram fyrir dómi. Sérstaklega er tekið fram að tjáningarfrelsi megi ekki setja skorður.

Skopskyn manna er mismunandi, sem betur fer. Hinu er ekki að leyna að skýli menn sér bak við trúfrelsi er þeir fremja hryðjuverk er brotið gegn allsherjarreglu og góðu siðferði að mati flestra Vesturlandabúa. Deilur um birtingu skopmynda af Múhameð spámanni snúast um trú og lýsa sér í ofstæki þeirra áhængenda Islam sem taka þátt í þeim. Skiptir þá engu hvort myndirnar eru smekklegar eða lýsa skopskyni að mati allra. Leiðin sem óánægðir áttu og eiga enn í Danmörku er að sækja mál fyrir dönskum dómstólum. Sú aðferð er ekki notuð. Hvers vegna ekki? Múslimar hvetja til morða líkt og Ayatollah Kohmeini fyrrum forseti Íran gerði þegar honum líkaði ekki við bók Salman Rushdie, Söngva Satans. Drepa, brenna og eyðileggja er boðskapurinn og stjórnmöld sitja hjá með lýðurinn kveikir í. Á hverjum degi biritist teikniræman Pú og Pa í Fréttablaðinu og ekki heyrir þú frá trúarsöfnuðum á Íslandi. Er Islam hafin yfir lög og rétt Vesturlanda?

Fiskvinnslan Kambur ehf., á Flateyri

Kaupir Ársæl SH 88 með 575 þíg. tonna kvóta

Fiskvinnslan Kambur ehf. á Flateyri hefur keypt netabátinn Ársæl SH-88 af Sólborgu ehf. í Stykkishólmi. Ársæl SH er 251 brúttótonna netabátur og honum fylgir

rúmlega 575 þorskígildis-tonna kvóti og er uppistaða hans þorskur. Markaðsverð slíks magns af kvóta er um 740 milljónir króna.

„Tilgangurinn var að kaupa

kvóta þannig að ef einhver markaður er fyrir það að selja bátinn þá munum við gera það“. segir Hinrik Kristjánsson framkvæmdastjóri. „Ætlinin er að nýta kvótann á báta

sem við eigum fyrir, Halla Eggerts og Sigga Þorsteins“, bætir hann við. Auk þeirra á Kambur ehf. smærri báta Steinunni ÍS-817 og Kristrínu ÍS-72. – gudrun@bb.is



Lundahverfi á Tunguskeiði í Skutulsfirði

Framkvæmdir við nýja götu hefjast innan tíðar

Framkvæmdir við nýja götu í Lundahverfinu á Tunguskeiði hefjast á næstunni að sögn Jóhanns Birkis Helgasonar, bæjartæknifræðings Ísafjarðarbæjar. „Framkvæmdir hefjast líklega í þessari viku við götuna Eikarlund en

þegar er búið að úthluta fjórum lóðum við hana. Enn eru tvær lóðir lausar við Grenilund en eftirspurn eftir lóðum hefur aukist síðustu þrjú mánuði“, segir Jóhann.

Halldór Halldórsson bæjarsjóri Ísafjarðarbæjar segir

mikinn kostnað við hverja nýja götu því margt þurfi að gera og því sé reynt að haga framkvæmdum eftir eftirspurn. Fimm íbúðagötur hafa þegar verið deiliskipulagðar á Tunguskeiði auk stofnbrautarinnar Tungubrautar. Þær eru

Grenilundur, Eikarlundur, Asparlundur, Birkilundur og Furulundur. Í þremur gatanna er gert ráð fyrir byggingu einbýlishúsa, en í tveimur er reiknað með að rísi rað- og parhús.

– gudrun@bb.is

Lýsa yfir áhyggjum af útboði á almenningssamgöngum

Íbúasamtök Dýrafjarðar hafa sent Halldóri Halldórssyni bæjarsjóra Ísafjarðarbæjar bréf þar sem lýst áhyggjum af útboði á almenningssamgöngum. Frá þessu er greint á fréttavefnum thingeyri.is. F&S Höpferðabílar ehf. hafa séð um almenningssamgöngur á milli Þingeyrar og Ísafjarðar sem undirverk-

taki undanfarin ár. Hjá F&S Höpferðabílum ehf. á Þingeyri eru þrjú heil stöðugildi og þar af tvö stöðugildi sem tengjast almenningssamgöngum beint.

Íbúasamtökin telja veðurfarslega nauðsynlegt að bílar séu staðsettir á Þingeyri og að staðið sé vörð um þessi stöðugildi sem öll eru mönnuð fólkki búsettu á Þingeyri, en bæjar-

tæknifræðingur Ísafjarðarbæjar hefur lagt til að bærinn gangi til samninga við Stjórnubíla ehf. á Ísafirði á grundvelli tilboðs þeirra í aksturinn.

Nýr samningur um almenningssamgöngur á að taka gildi frá og með 1. júní 2006 og verður hann gerður til fimm og hálfis árs með heimild um

árs framlengingu. Þá verður í honum ákvæði um að hann megi endurskoða ef til verulegra verðlækkana kemur á samningstímanum.

Ágæta sjálfstæðisfólk

Munið prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ á laugardaginn kemur. Þátttaka ykkar skiptir öllu máli.



Birna Lárusdóttir

2. sæti



ÍSAFJARÐARBÆR

ÚTBOÐ

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið „Vatnsveita Ísafjarðarbæjar, Þingeyrarveita, sýubeð í Ausudal.“

Helstu magntölur:

Gröftur og fylling 1.500m³
Lagnir 450m²

Ofangreindu verki skal vera að fullu lokið eigi síðar en 31. júlí 2006. Útboðsgögn eru til sölu á kr. 3.000.- hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði.

Tilboðin verða opnuð **priðjudaginn 28. febrúar nk. kl. 11:00** að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar.

Íbúum fækkað í NV-kjördæmi

Eina kjördæmi landsins þar sem íbúum hefur fækkað frá árinu 2001 er Norðvesturkjördæmi, að því er fram kemur í svari félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristjánss L. Möller, 3. þingmanns Norðausturkjördæmis. Í svari ráðherra kemur fram íbúum í Norðvesturkjördæmi hefur fækkað um 1,1%. Mesta íbúafjöldi var í Suð-

vesturkjördæmi, eða 10%.

Í Suðurkjördæmi fjölgaði íbúum um 5,2% og í Norðausturkjördæmi um 6,1%. Þá hefur íbúum Reykjavíkur fjölgað um 2,3%. Alls fjölgaði íbúum landsins um 4,6%. Íbúum í Norðvesturkjördæmi fækkaði eins og áður segir um 1,1%, eða úr 30.273 í 29.935. Ef hins vegar er ein-

ungis litið til hins gamla Vestfjarðakjördæmis hefur íbúum fækkað úr 8.014 í 7.546, eða um 6,8%.

Ef Vestfirðir eru dregin frá og afgangur kjördæmisins skoðaður einn og sér kemur í ljós að íbúum Norðvesturkjördæmis utan Vestfjarða hefur fjölgað úr 22.259 í 22.389, eða um 0,6%. – eiríkur@bb.is

Þítla tattoo stofan

verður á gistiheimili Flúðar ísbergss við Mánagötu á Ísafirði dagana 9.-16. febrúar.

Opið verður frá kl. 14-21 alla dagana nema sunnudag.



12 ára reynsla og fagmænnaskal

Tímabantanir og nánari upplýsingar gefur Þenni tattoo í síma 695 1061



Hvetjum íbúa Ísafjarðarbæjar
til að taka þátt í prófkjöri
Sjálfstæðisflokksins
laugardaginn 11. febrúar nk.

Veljum
Ragnheiði Hákonardóttur
í 2.-3. sæti.
Stuðningsmenn

Dúndur fjör á þorra- blóti Hnífsdælinga

Á annað hundrað manns sóttu þorrablót Hnífsdælinga sem var haldið í félagsheimilinu í Hnífsdal á laugardag. „Blótið gekk alveg frábærlega vel og þetta var dúndur gaman“, segir Rannveig Pálsdóttir sem var í skemmtinefnd. Gestir komu með trog að heiman og tóku vel til matar

síns.

Boðið var upp á heimatilbúin skemmtiatriði sem að sögn Rannveigar slógu í gegn. „Það var mikið hlegið og við hlutum mikið lof fyrir skemmtiatriðin.“ Að borðhaldi loknu var slegið upp dansleik þar sem Hjónabandið hélt uppi stuði. „Það var rosa-

lega góð stemmning og hljóm-sveitin var mjög góð“, segir Rannveig. Kvenfélagið Hvöt sá um framkvæmd blótsins og var þetta í 58. sinn sem það var haldið. Þorsteinn J. Tómasson, var á staðnum og tók þar meðfylgjandi myndir. Fleiri myndir munu birtast á bb.is. – *thelma@bb.is*

Styrkir til nýsköpunar

Impra nýsköpunarmiðstöð auglýsir eftir umsóknum um styrki til frumkvöðla og starfandi fyrirtækja.

Styrkir eru ætlaðir til þróunar á nýrri þjónustu eða vörum og eru veittir fyrirtækjum og einstaklingum á landsbyggðinni.

Umsóknarfrestur fyrir frumkvöðla rennur út **15. febrúar** nk. en fyrir starfandi fyrirtæki **27. febrúar**.



Impra nýsköpunarmiðstöð
Lýðræðisráðgjafi
Borgum við Norðunartúnd
800 Akureyri
Sími 400 7970
www.impra.is

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð eru að finna á www.impra.is og hjá **Impru nýsköpunarmiðstöð** í síma **460 7970**.

Impra nýsköpunarmiðstöð er fjárfest af Vaxningaráðgjafi og veitir tilkomaþjónustu og
aðstoð og ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga. Impra nýsköpunarmiðstöð er fjárfest af Vaxningaráðgjafi og veitir tilkomaþjónustu og
aðstoð og ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga.



Birna Lárusdóttir, frambjóðandi í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ skrifar

Að sjá fram á veginn



Birna Lárusdóttir.

Stundum leiði ég hugann að því hvað verða muni úr börnunum mínum þegar þau vaxa úr grasi. Hvaða leið í lífinu koma þau til með að velja? Eignast þau fjölskyldur? Feta þau menntavegin? Vafalaust deili ég þessum hugrenningum með flestum foreldrum án þess að nokkur ætlist til að fá svör við slíkum spurningum. Það eina sem er á valdi mínu er að tryggja börnunum mínum sem best vegarnesti svo þau geti sjálf gert upp hug sinn og valið

vegin af skynsemi í fyllingu tímans.

Í raun má segja að stjórnmál séu af sama meidi – þau snúast um að vita hvert skal halda, sjá vel fram á veginn og byggja upp samfélag í heiðarlegri viðleitni til að tryggja bjarta framtíð þess.

Hvað hefur áunnist?

Sl. áratug hafa Vestfirðingar gengið í gegnum meiri sviptingar í atvinnulífi en flestir sáu fyrir. Grunnat-

vinnuvegur okkar hefur tekið stakkaskiptum og allir hafa orðið að leggja sitt af mörkum til að samlagast þessum miklu umskiptum. En þessir umbreytingatímur hafa getið af sér ýmsa vaxtarsprotu. Sem bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins síðastliðin átta ár hef ég, ásamt samstarfsfólki mínu, lagt mig fram við uppbyggingu Ísafjarðarbæjar. Margt má vafalaust gagnrýna en upp úr stendur að Ísafjarðarbær er í dag í fremstu röð sveitarfélaga í ýmsum málaflokkum

og fjölmörg framfaraverkefni hafa orðið að veruleika undir okkar stjórn.

Leik- og grunnskólar sveitarfélagsins eru vel mannaðir og reknir af metnaði, líkt og allar okkar stofnanir og deildir. Vægi íþrótta- og tólmundamála hefur aukist jafnt og þétt og skóla- og félagsþjónusta sveitarfélagsins er rekin af fagmennsku. Brátt verða hugmyndir okkar um nýtt skipurit Ísafjarðarbæjar kynntar en verði þær að veruleika munu þær færa alla stjórnýslu bæjarins í nútímalagra horf. Við höfum þegar kynnt framtíðarsýn okkar í skipulagsmálum á Suðurtanga á Ísafirði, hugmyndir sem eru í senn metnaðarfullar og vel framkvæmanlegar. Þar unnum við m.a. eftir hugmyndum sem komu fram á Íbúapingi síðastliðið vor.

Við styðjum myndarlega fjölbreytt lista- og menningarlíf á svæðinu og stöndum vel að tónlistarmentun í sveitarfélaginu. Við leggjum metnað í uppbyggingu Bygðasafns Vestfjarða og erum stolt af því að eiga fallegasta bóka-

og skjalasafn á landinu. Við höfum ákveðnar hugmyndir um aðkomu sveitarfélagsins að uppbyggingu Edinborgarhússins, sem brýnt er að ljúka, Háskólasetur Vestfjarða er orðið að veruleika, m.a. fyrir okkar tilstuðlan, Snjóflóðarannsóknamiðstöð Veðurstofunnar hefur tekið til starfa og íbúgerð er stofnun miðstöðvar jarðkerfisrannsókna með þátttöku bæjarins.

Framkvæmdir á vegum bæjarins hafa verið með mesta móti síðastliðin ár, ekki síst við uppbyggingu íþrótta-mannvirkja víða í sveitarfélaginu. Í samgöngumálum höfum við barist ótullga fyrir bættum flugsamgöngum og vegbótum og nú hillir undir að stórum áföngum í vegagerð á Vestfjörðum ljúki innan þriggja ára auk þess sem Þingeyrarflugvöllur verður brátt orðinn fullkominn varafflugvöllur fyrir völinn á Ísafirði.

Mörg verkefni bíða

Svona gæti ég haldið lengi áfram því listinn er langur. Að sama skapi er langur verk-

efnalisti framundan því ekki aðeins þarf að fylgja því eftir sem komið er heldur bíða spennandi verkefni sem brýnt er að hrinda í framkvæmd.

Framundan er prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ. Ég sækist eftir stuðningi til að skipa áfram 2. sætið á framboðslista flokksins í kosningunum í vor og vil halda áfram á þeirri braut sem við, sjálfstæðismenn í Ísafjarðarbæ, höfum markað. Á sama hátt og ég trúi á bjarta framtíð barnanna minna og reyni að tryggja þeim sem best vegarnesti trúu ég því að Ísafjarðarbær eigi sér glæsta framtíð. Með það að leiðarljósi vil ég vinna áfram í góðum hópi fólks að frekari uppbyggingu Ísafjarðarbæjar.

Birna Lárusdóttir býður sig fram í 2. sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna í Ísafjarðarbæ.



Brotið er úr skut bátsins.

Skuttogarinn Páll Pálsson ÍS 102

Kom með brot úr skipsflaki að landi

Páll Pálsson ÍS 102 hafði í för með sér brot úr skipsflaki þegar skipið kom að landi í síðustu viku. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum sem ljósmyndari tók, er um vel stórt brot að ræða en ekki er vitað úr hvaða báti það er. Jón Sigurpálsson forstöðumaður

Bygðasafns Vestfjarða taldi aðspurður að brotið væri úr 60-70 tonna báti en hann fékk færi á að skoða það þegar því hafði verið komið á land.

„Mér sýnist þetta vera mun stærri bátur en fyrst var talið. Þetta er skutur þar sem enn sést stýrissveifin. En annars

skoðaði ég bara brotið mjög lauslega og hef ekki rannsakað það nóg til að geta sagt neitt um það“, segir Jón.

Hann segist ekki vita hvað gert verði við flakið eða hvort nánari rannsóknir verði gerðar á því.

– thelma@bb.is

Stuttmyndin Síðasti bærinn sem tekin var upp í Dýrafirði

Tilnefnd til Óskarsverðlauna

Stuttmyndin Síðasti bærinn sem tekin var upp í Dýrafirði 2003 er tilnefnd til Óskarsverðlaunaanna í ár sem besta stuttmyndin. Tökur fóru fram að mestu leyti á Arnarnesi í Dýrafirði en einnig á Þingeyri og Flateyri. Myndin fjallar um aldraðan bónda sem er orðinn einn eftir íbúa í dalnum ásamt konu sinni. Þegar til stendur

að flytja þau hjónin á elliheimili í höfuðborginni tekur hann til sinna ráða.

Leikstjóri myndarinnar er Rúnar Rúnarsson en aðalhlutverkið er í höndum Jóns Sigurbjörnssonar. Þá leikur Kristjana Vagnsdóttir frá Þingeyri eiginkona bóndans. Flateyrska stúlkan Arnheiður Steinþórsdóttir fer einnig með lítið

hlutverk í myndinni. Myndin hefur hlotið fjölda verðlauna á erlendum kvikmyndahátíðum og fékk Edduverðlaunin í sínum flokki 2004. Framleiðendur myndarinnar eru Þórir Snær Sigurjónsson og Skúli Malmquist fyrir ZikZak kvikmyndagerð og tónlistina í myndinni samdi Kjartan úr Sigur Rós. – gudrun@bb.is

Fasteignasala

Tryggvi Guðmundsson hdl.
www.tg.is

<p>TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL Hafnarstræti 1 – Ísafirði Sími: 456 3244 Fax: 456 4547 Netfang: eignir@tg.is Holmasíða: www.tg.is</p> <p>Einbýlis- og raðhús:</p> <div style="text-align: center;"> <p>Urðarvegur 25 – Hraunþrói 2: 199,5 m² einbýlishúshús á tveimur hæðum með bílgeymslu. Verð 16,9 m.kr.</p> </div> <div style="text-align: center;"> <p>Strandgata 3: Hnífsdal: 130 m² einbýlishúshús á tveimur hæðum. Verð 5,1 m.kr.</p> </div> <p>4-6 herbergja íbúðir:</p> <div style="text-align: center;"> <p>Mánagata 6a: 116 m² íbúð á jarðhæð í tvíbýlishúsi, 4 svefnherbergi og 3 baðherbergi. Verð 6,9 m.kr.</p> </div> <div style="text-align: center;"> <p>Hafnarstræti 14 – 2.hæð: 97m² nýleg íbúð í þrjúbýlishúsi ásamt 11 m² geymslu, íbúðin er í miðbæ Ísafjarðar. Verð 9,5 m.kr.</p> </div>	<p>Vegna mikillar sölu vantar einbýlishús og raðhús á söluskrá!</p> <p>3ja herbergja íbúðir: Hlíf 2 – íbúð 210: Ein af stóru íbúðunum á Hlíf 2, samtals 72 m² með geymslu í sameign. Verð 8,9 m.kr. Stórholt 11: 70 m² íbúð á 2.hæð fyrir miðju ásamt geymslu í sameign í fjölbýlishúsi. Verð 4,5 m.kr.</p> <p>2ja herbergja íbúðir:</p> <div style="text-align: center;"> <p>Fjarðarstræti 2: 84 m² íbúð á 3.hæð í fjölbýlishúsi ásamt geymslu í sameign. Verð 5,5 m.kr.</p> </div> <p>Bolungarvík: Hafnargata 117-123: Fjögur 123 m² nýleg einbýlishús með 31 m² bílskúr. Ath. húsin eru laus til afhendingar við kaup-samning. Verð 12,9 m.kr. stk. Vitastígur 1: Fullbúinn 243 m² veitingastaður á neðri hæð og 291 m² gistiheimili á efri hæð. Tilboð óskast. Árbæjarkantur 3: 1003 m² stórt atvinnuhúsnæði, með eigninni getur fylgt vönduð fiskflokunarvél. Einnig kemur til greina að selja eignina í smærri einingum. Verð 20 m.kr.</p>
---	---

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is

Uppselt á Stútung

Uppselt var á Stútung á Flateyri sem haldinn var með glæsibrag í 72. sinn sl. laugardagskvöld. Kvöldið hófst með borðhaldi og var boðið upp á hefðbundinn þorramat og auk þess r e i d d u matreiðslumenn SKG-veitinga fram aðrar kræsingar. Þegar allir voru orðnir mettir hófst skemmtiatriðin. Þá var sungið, leikið og sprellað, og fengu áhorfendur að sjá hvernig ástandið verður á Flateyri eftir 500 ár. Ball hófst svo um miðnætti og dansinn dunaði og var svo mikið stuð að rafmagninu sló að lokum út.

„Stútungur gekk rosalega vel“, segir Pálfríður Ása Vil-


hjálmisdóttir annar formaður Stútungsnefndarinnar. „Það var mjög góð mæting, um 270 manns, og ég held að allir hafi skemmt sér mjög vel. Margrét og Baldur forfölluðust og þá var bara hringt í hljómsveit Flateyringa og því reiddað á tveimur mínútum, og var svaka stuð á ballinu“, segir Pálfríður. Skemmtunin fór vel fram að öllu leyti og nú er bara að telja dagana til næsta Stútungs því líklegter að hann verði enn betri að ári.

Páll Öundurson var á Stútung og tók þar meðfylgjandi myndir. Fleiri myndir munu birtast á svipmyndum á bb.is innan tíðar.

– gudrun@bb.is



STÚTUNGUR





Álagður fasteignaskattur á hvern íbúa í Ísafjörðarbæ

Undir landsmeðaltali

Álagður fasteignaskattur á hvern íbúa Ísafjörðarbæjar árið 2005 var 27.055 krónur eða 19.207 krónum lægri en landsmeðaltalið sem var 46.262 krónur. Á Vestfjörðum var álagning á hvern íbúa hæst í Árneshreppi 35.065 kr., en lægst í Bæjarhreppi 14.134 kr. Þá var álagningin 21.062 kr. í Bolungarvíkurkaupstað, 27.179 kr. í Reyk-

hólahreppi, 18.265 kr. í Tálknafjarðarhreppi, 24.359 kr. í Vesturbyggð, 27.874 kr. í Súðavíkurhreppi, 21.888 kr. í Kaldrananeshreppi, 20.192 kr. í Broddaneshreppi og 21.501 kr. í Hólmavíkurhreppi. Ef lítið er yfir allt landið þá var álagning fasteignskatts á hvern íbúa hæst í Grímsnes- og Grafningshreppi 352.448

kr. en lægst í Fljótsdalshreppi 5.555 kr. Í Reykjavíkurborg var álagning á hvern íbúa 57.611 krónur. Ef lítið er einungis til álagningarprósentsunnar kemur í ljós að í Ísafjörðarbæ er hún 0,43% í A-flokki (íbúðir) en 1,49% í B-flokki (fyrirtæki). Í Bolungarvík er hún 0,43% í A-flokki en 1,32% í B-flokki, í Reykhólahreppi 0,5% í A-

flokki en 1,65% í B-flokki, í Tálknafjarðarhreppi 0,45% í A-flokki og 1,3% í B-flokki, í Vesturbyggð 0,5% í A-flokki og 1,65% í B-flokki, í Súðavíkurhreppi 0,4% í A-flokki og 1,51% í B-flokki. Til samanburðar má geta þess að í Reykjavík er álagningarprósentsannan 0,32% í A-flokki en 1,65% í B-flokki. – gudrun@bb.is



Hildán Guðsson
Eiðgjafi hjá Eignastýringu Íslandsbanka.



Hvernig breyti ég einni milljón í tvær?

FJÁRFESTU Í SIÐUM

Byrjaðu núna! Farðu inn á www.isb.is og kláraðu málið. Þú getur einnig haft samband við næsta útibú eða við ráðgjafa hjá Eignastýringu Íslandsbanka í síma 440 4920.

Vaxtaliðin eru samsett úr tveggjum hlutum, tveggjum hlutum og tveggjum hlutum. Þú getur einnig haft samband við næsta útibú eða við ráðgjafa hjá Eignastýringu Íslandsbanka í síma 440 4920.

● Hvað er að fréttu? • Birgir Þór Halldórsson, vefforritari með meiru

Fékk vægt menningarsjokk á Indlandi

„Það er alltaf eitthvað að fréttu af mér. Ég er nýkominn frá Ítalíu. Það var mjög gaman, enda er alltaf gaman í útlöndum. Ég var að heimsækja fólk sem ég þekki á suðurhluta Ítalíu og var þar í tvær vikur. Svo var ég á Indlandi fyrir áramót og dvaldi þar í sex vikur. Það var mjög spennandi að sjá þennan ólíka heim sem þar er. Ég fékk vægt menningarsjokk en vandist því nú fljótt. Ég mæli hiklaust með því að allir sem hafa færi á fari þangað og sjái hvað landið hefur að bjóða. Þarna eru líka finar sólarstrendur. Núna er ég kominn í fri frá ferðalöndum og nú tekur bara lífið við.“

Samferda.net gengur ágætlega þó ég sé reyndar búinn að vera svo mikið erlendis að ég hef ekki getað fylgst mikið með því. Landvernd hefur verið dugleg að styðja mig við að halda vefnum uppi og minnst á hann í bæklingum sínum. Ég heyrði að það hafi víst verið á dagskránni hjá þeim að koma á fót slíkum vef en ég var fyrir til.“



Hljómsveitin á leiðinni í lýðháskóla í Danmörku

Hljómsveitin Nilfisk varð heimsfræg á einni nóttu þegar rokkararnir í bandarísku stór-sveitinni Foo Fighters heyrðu fyrir tilviljun í henni þar sem Nilfiskarnir voru á hljóm-sveitaræfingu og fengu hana í framhaldi af því til að spila eitt lag áður en þeir sjálfir stigu á svið Laugardalshallarinnar 26. ágúst 2003. Foo Fighters eru mjög hrifnir af Nilfisk og þegar tónleikarnir í Höllinni voru gefnir út á dvd disk var að sjálfsögðu hægt að sjá íslensku hljómsveitina frá StokksEyrarbakka þar.

Síðan hefur margt drifið á daga Nilfisk þó að upphitun fyrir Foo Fighters sé líklega toppurinn, enn sem komið er allavega. Til að mynda var viðtal við hljómsveitina í heimildarmyndinni Gargandi snilld sem fjallar um íslenskt tónlistarlíf, en þar var tekið fyrir allt það merkilegasta sem er að gerast í íslenski tónlist. Nilfisk sæmdu sér vel þar innan um helstu stórstjórnur okkar Íslendinga eins og Björk, Sigur Rós og Mugison.

Meðlimir Nilfisk koma frá Stokkseyri og Eyrarbakka en helmingur sveitarinnar tengist Vestfjörðum. Viðir Björnsson er ættaður frá Flateyri og Jóhann Vignir Vilbergsson ólst upp á Ísafirði. BB spjallaði við Viði, gítarleikara í Nilfisk.

–Hvenær var hljómsveitin Nilfisk stofnuð?

„Hljómsveitin var stofnuð 10. mars 2003. Í fyrstu vorum við þrír í bandinu, ég, Jóhann Vignir Vilbergsson gítarleikari og söngvari og Sveinn Ásgeir Jónsson trommari. Um sumarið bættist svo Sigurjón Dan Vilhjálmsson bassaleikari við.“

–Hvenær komuð þið fyrst opinberlega fram?

„Fyrsta giggið okkar var í apríl 2003, á hátíð Hrutavinafélagsins Örvars á Stokkseyri sem pabbi stóð fyrir, en þar á eftir var það á grænenskum nóttum á Flateyri sem haldnar voru í júlí sama ár.“

–Nú hefur hljómsveitin starfað í tæp þrjú ár, hafið þið spilað mikið á tónleikum á þessum tíma?

„Já við höfum spilað um allt land. Við spilum á Al-



Félagarnir í Nilfix, Jói, Sjonni, Viðir og Sveinn ásamt Dave Grohl forsprakka Foo Fighters.

drei fór ég suður á páskunum í fyrra og á Airwaves í október sl. Svo höfum við spilað hér og þar um landið, vorum t.d. í Vestmannaeyjum 30. desember sl.“

Foo Fighters ævintýrið

–Nú urðuð þið miklir vinir Foo Fighters þegar þeir buðu ykkur að spila í Höllinni, haldið þið sambandi við hljómsveitina?

„Já, við gerum það. Þegar Foo Fighters komu aftur til Íslands í fyrra og héldu tónleika þá komu þeir til Stokks-eyrar og spiluðu með okkur. Við vorum að spila á tónleikum á Draugabarnum á Stokkseyri sem haldnir voru fyrir skólahljómsveit frá Wisconsin í Bandaríkjunum sem var í heimsókn á Íslandi. Allt gengið í Foo Fighters mætti á svæðið og spilaði með okkur og bandarísku krakkarnir misstu gjörsamlega andlitid af undrun.“

–Þeir hafa ekki boðið ykkur að spila aftur á tónleikum sínum?

„Nei þeir gerðu það nú ekki, en Kári sem flutti þá inn var búinn að senda okkur VIP-passa þannig að við vorum að sjálfsögðu á tónleikumunum. Fyrri tónleikar þeirra voru náttúrulega sérstök upplifun fyrir okkur en þeir bara orðnir betri á seinni tónleikumunum.“

Stefna á að spila erlendis

–Nú hafið þið spilað víða hér á landi, hafið þið í hyggju að spila eitthvað erlendis?

„Já, við stefnum á að reyna að spila í Wisconsin einhvern tímann í sumar, á staðnum sem að skólahljómsveitin sem kom til Stokkseyrar í fyrra er frá. Svo erum við að flytja til Danmerkur í haust, öll hljóm-sveitin. Þar erum við að fara í Musik og Teaterhøjskolen, sem er lýðháskóli í Toftlund á Jótlandi sem sérhæfir sig í tónlist. Við förum reyndar sex saman því tveir vinir okkar fara líka. Okkur langar líka að komast á Hróarskeldu í sumar og því mega endilega allir drífa sig inn á heimasíðu hátíðarinnar og kjósa okkur.“

Fyrsta platan komin út

–Þið eruð nýbúinir að gefa út geislaflötu ekki satt?

„Jú, platan okkar, Don't run after your own apples, kom út 22. nóvember í fyrra, á afmælisdaginn hennar mömmu og sama mánaðardag og Kennedy var myrtur.“

–Semjið þið allt efnið sjálfir?

„Já, platan er öll frumsamin. Það er enginn einn okkar sem semur lögin, við bara bullum eitthvað allir saman á æfingum.“

–Þið hafið staðið í framkvæmdum að undanförunu.

„Já, við höfum ekkert verið að æfa eða spila í janúar. Við höfum verið að gera upp æfingarhúsnæðið okkar sem er staðsett við hlöðina á sjopp-

unni á Stokkseyri, í húsnæði þar sem áður var bæjarskrifstofa. Við vorum að stækka við okkur um helming og erum að lagfæra og gera þetta flott. Þar erum við líka að smíða stúdíó sem planið er að reyna að nýta í framtíðinni.“

Tónleikatúr framundan

–Hafið þið eitthvað spilað nýlega?

„Já við spilum í Kastljósinu um daginn og svo vorum við að spila síðastliðinn laugardag á tónleikum rokk.is, þeir tengjast heimildarmynd sem Friðrik Þór Friðriksson leikstjóri er að gera um íslenskt tónlistarlíf, Rokk í Reykjavík 2.“

–Hvað er framundan á næstunni hjá Nilfisk?

„Við ætlum að fara að túra um landið og kynna plötuna okkar. Við ætlum að byrja núna í febrúar en náum því líklegast ekki og erum því að plana að fara af stað um páskana. Okkur langar til að byrja á rokkhátíð alþýðunnar Aldrei fór ég suður, og vonandi verður af því en það er ekki staðfest ennþá. Ísafjörður verður allavega inni í túrnunum, hvort sem það verður á hátíðinni eða ekki“, segir Viðir að lokum.

Það er augljóslega nóg að gerast hjá Nilfiskunum og geta áhugasamir fylgst með á heimasíðu hljómsveitarinnar nilfisk.valnir.com.

– gudrun@bb.is

mannlífid

Abendingar um efni sendist Hjaltaðóttur, thelma@bb.is

til Thelmu sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn 8. febrúar, 39. dagur ársins 2006

Þennan dag árið 1925 fórust tveir togara á Halamiðum, Leifur heppni og Robertsson, og með þeim 68 menn. Í sama veðri fórst vélbátur með sex mönnum.

Þennan dag árið 1935 strandaði enskur togari, Langanes frá Grimsby, í ofviðri við Svalvogshamra, milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og fórst öll áhöfnin, 14 menn.

Þennan dag árið 1982 gekk dýpsta lægðin síðan 1933, yfir landið án teljandi skaða. Hún var 935 millibör.

Þennan dag árið 1992 var kvikmyndin Ingaló, í leikstjórn Ásdísar Thoroddsen, frumsýnd.

Heimild: Dagar Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.

● Á þessum degi fyrir 26 árum



Þjónusta skerðist

Frá og með 4. febrúar síðastliðinn tók gildi breyting á þjónustu Pósts og síma sem skerðir verulega þjónustu þessa opinbera fyrirtækis við íbúa Bolungarvíkur. Símapjónustan skerðist með þessari breytingu úr 70 tímum í 35 tíma á viku. [...] Á síðasta ári var opnað nýtt og veglegt pósthús hér í Bolungarvík, og var þá í fyrsta skipti hægt að bjóða upp á pósthólfþjónustu. Þykir Bolvíkingum nú hurðum harkalega skellt í lás á því húsi, þar sem ekki er hægt að komast í pósthólfín á sunnudögum og ekki eftir klukkan 17 virka daga. Þó eru hólfín þannig staðsett, að aðeins þyrfti að hafa ystu dyr hússins opnar til að veita þá þjónustu. Nú hefur það verið þannig hér í Bolungarvík undanfarið ár, að allmikið er um löndun löndubáta. Sjómenn grípa því tækifærið á meðan beðið er eftir löndun, og hringja til ástvina sinna. En eftir þessa breytingu verða þeir að stíla uppá að vera komnir í land fyrir klukkan 5 virka daga.

● Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Sunnanátt og rigning sunnan og vestanlands, en úrkomulítið á Norðurlandi. Hiti 0-6 stig.

Horfur á laugardag:

Sunnanátt og rigning sunnan og vestanlands, en úrkomulítið á Norðurlandi. Hiti 0-6 stig.

Horfur á sunnudag:

Mjög hvöss suðaustanátt og talsverð rigning um land allt. Hiti 2 til 8 stig.

Horfur á mánudag:

Útlit fyrir hvassa sunnanátt og vætu víða um land.

● Spurning vikunnar

Ætla þú að taka þátt í prófkjörum stjórnmálaflokkanna í Ísafjarðarbæ?

Alls svöruðu 574. – Já sögðu 208 eða 36% – Nei sögðu 316 eða 55% – Övist sögðu 50 eða 9%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

● **Borgin mín** · Lýður Árnason, læknir og kvikmyndagerðarmaður á Flateyri

San Fransisco er borgin mín



„San Fransisco er uppáhaldsborgin mín. Það er útaf sporvögnunum, ég hafði aldrei farið í sporvagn fyrr en ég kom þangað og það var skemmtilegt. Svo er gaman að prúttu í verslunum þar, það gerir maður aldrei á Íslandi. Þar er hægt að fá hljóðfæri fyrir 20% af uppsettu verði, ef maður labbar bara út úr búðinni þá koma verslunar-mennirnir hlaupandi á eftir manni og prúttu. Hippagarðurinn er líka flottur, gaman að labba þar inn og sjá fólk sitja undir trjám og kyrja gamla hippasöngva. Síðan eru brýrnar á milli sundanna stórkostleg mannvirki og spennandi að keyra yfir þær.“



● **Orðrétt af netinu** · www.krossinn.is

Ljós og myrkur

Enn heldur æsingurinn áfram vegna birtingar Jótlands-póstsins á skopteikningum af Múhamed. Reyndar eru þessar myndbirtingar sérstakar og menn eiga erfitt með að sjá nauðsyn þess að særa trúartilfinningar milljóna manna með þessum hætti. Það er ekki eingöngu verið að storka ófga-hópum í hinum íslamska heimi, heldur særir þetta allan aðmenning í þessum menningarheimi. Hér á landi væru slík vinnubrögð að öllum líkindum brot á lögum, þó svo að ýmsir fjölmiðlar hafi gengið afar langt í að særa trúartilfinningar manna. Fjölmiðlar sýna enn á ný að þeir telja sig lifa í eigin veröld og þeim sé allt heimilt og ekkert heilagt.



Að sjálfsgöðu var Old Trafford kráin heimsótt.

Þrír fótballaðdáendur fóru til Englands á knattspyrnuleik á vegum getraunaleiks Héraðs-sambands Vestfjarða þann 22. janúar. Fóru þeir Kristinn Kristjánsson, Þorsteinn Þráinsson og Jóhann Torfason á leik Manchester gegn Liverpool í sjálfri Manchesterborg og upplifðu þar með draum allra Manchester-adaðenda. Kristinn Kristjánsson rakti ferðasögu þeirra fyrir Bæjarins besta.

„Við fórum suður á föstu-deginum og flugum út á laugar-dagsmorgni. Við lentum Heathrow og þaðan var tekin rúta til Manchester, með tveimur til þremur pissustoppum þar sem sumir ferðalangarnir drukkum meira en aðrir. Við vorum komnir á áfangastað rétt fyrir kvöld-matarleytið og þá var farið út að borða. Þarna var tuttugu manna hópur þar sem af voru átta Manchester aðdáendur, sjö

Liverpool stuðningsmenn og restin voru aðdáendur smærri klúbba eins og Arsenal og Stokes.

Við fórum að sjálfsgöðu snemma að sofa til að vera í góðu formi daginn eftir. Sumir voru spennari en aðrir og má þar nefna Jóhann Torfason. Hann hafði farið einu sinni áður út á leik þar sem Manchester tapaði og var því hræddur við að það myndi endurtaka sig.

Við vöknudum snemma á sunnudeginum og fengum okkur göngutúr niður í bæ. Við vorum komnir fyrir opnun allra búða og við ákváðum að halda á völlinn um kl. 13 þar sem leikurinn átti að hefjast kl. 16. Við fórum á Old Trafford krána sem allir Manchester aðdáendur þekkjá. Þó við værum duglegir að drekka bjór komst það ekki í hálfkvísti við Bretana!

Ólýsanleg tilfinning Riddarar Rósu



Jóhann og Þorsteinn fyrir utan leikvanginn.

Þarna áttum við Vestfirðingarnir við ofurefli að stríða.

Eftir mikið spjall og nokka öllara var haldið í búðina sem selur Manchesterbúninga og aðra fylgihluta. Þar er hleypt inn í hollum og gæti ég trúað að það væru 500 manns inni að versla í einu. Ég var með innkaupalista frá tólf ára syni mínum sem var svo fallega skrifaður. Þar voru hlutir flokkaðir niður í: Mig langar í svona, gaman væri að eiga svona og get vel hugsað mér að eiga svona svo að ég rétti afgreiðsludömmuni listann og

sagðist atla kaupa allt á honum. Annað er ekki hægt að gera þegar maður fær svona fallegan lista. En þar sem við vorum búnir að innbyrða mikinn bjór þurftum við að pissa og þöldum ekki lengi við inni. Við rukum því út til að finna klósett.

Þá er hálf tími í leik svo við fengum okkur kaffi til að stemma okkur af. Svo var haldið á völlinn. Við byrjuðum að taka myndir af upphitininni en vorum svo spenntir að við gleymdum að taka af sjálfum leiknum. Hann var jafn allan tíman en

þegar markið kom hjá Manchester á síðustu mínúturnum var það alveg ólýsanleg tilfinning. Okkur fannst sem Manchester hefði komið með markið bara fyrir okkur svo við gætum farið glaðir heim.

Um kvöldið fórum við svo út að borða til að halda upp á sigurinn. Þá fékk Jóhann símhringingu frá Íslandi þar sem honum var sagt að hann hefði eignast afabörn. En Torfi sonur hans og Eyrún kona hans höfðu þá eignast tvíbura. Það var því mikil gleði í þessari ferð.“

● **Stuttar fréttir**

Riddarar Rósu

Skokkhópurinn Riddarar Rósu ætlar að hlaupa á Ísafirði fyrsta fimmtudag hvers mánaðar í vetur og býður öllum þeim sem vilja að taka þátt. Hlaupin verða 5 km löng og verður hlaupið eftir nýja göngustígunum frá hringtorginu og að versluninni Bónus á Skeiði. Fyrsta hlaupið fór fram í síðustu viku. Öllum er frjálst þátttaka sér að kostnaðarlausu og vona Riddarar Rósu að sem flestir sjái sér fært að mæta. Skokkhópurinn Riddarar Rósu hefur starfað í yfir áratug. Heitið er þannig til komið að Rósa Þorsteinsdóttir í Gamla bakaríinu á Ísafirði hefur ásamt manni sínum Árna Aðalbjarnarsyni bak-arameistara verið kjölfest-an í hópnum þann tíma sem hann hefur starfað.

Til Noregs á skíði

Ungir Ísfirðingar sem æfa alpagreinar hjá Skíðafélagi Ísfirðinga fóru til Noregs á laugardag til að komast á skíði. „Þar sem allur snjór er farinn hefur verið mikil sorg hjá skíðafólki. Því var ákveðið að fara til Noregs og leyfa krökkunum sem æfa svigskíði að komast á skíði“, segir Margrét Halldórsdóttir, hjá Skíðafélagi Ísfirðinga. Um er að ræða átta börn sem eru á aldrinum 13 ára og eldri. Þau munu í fjárflyunaraskyni fyrir ferðina ganga í hús í kvöld og biðja um dósir og flöskur.

Góður aflu

Frystitogarinn Júlíus Geir-mundsson IS 270, flagg-skip Hraðfrystihússins - Gunnvarnar hf., kom til Hafnar á Ísafirði í síðustu viku með um 280 tonn af afurðum, mest af grálúðu. Aflaverðmætið var um 78 milljónir en áhöfn skipins hafði verið að veidum í 28 daga. Skipstjóri í ferðinni var Gunnar Arnórsson. Þá kom einnig Páll Pálsson í land sama dag með um 100 tonna afla.

● **Brennslan mín** · Björn Ingi Bjarnason BÍBari og fiskverkandi frá Flateyri

Ringo Starr var minn maður...

1. Mr. Pleasant – The Kinks

Poppmenningartímabilið á Flateyri hófst í mínum huga 6. október 1963 þegar Guðbjartur Jónsson, „Búbb-ólína“, kom til Flateyrar og Torfahúsið brann. Þetta Ray Davis lag minnir alltaf á Guðbjart Jónsson fyrrverandi Vagnstjóra á Flateyri og þá miklu mannlífsauðgun sem fylgdi honum og ég naut í nálægð við hann í leik og starfi.

2. Octopus's Garden – The Beatles

Ég var mikill Bítlamaður á tímabili og Ringó Starr var minn maður þar í flokki enda eigum við sama afmælisdag og þetta Bítlalag valið vegna þessa. Í valinu milli John og Paul þá var aðáun mín á Paul algjör. Páll Önnundarson útvarpaði Bítlalögum um miðhluta Flateyrar á tánings-árunum svo heyra mátti um

stóran hluta Eyrarinnar okkur til mikillar ánægju.

3. Tired Of Waiting – The Kinks

Með hljómsveitinni Æfingu á Flateyri náði popp-menningin þar þeirri nálgun við alheimspoppið sem hægt var að ná á útkjálka sem Flateyri. Árni Benediktsson söng þetta lag með Æfingu listavel.

4. Sunny Afternoon – The Kinks

The Kinks og Ray Davis eiga mikið á þessari brennslu enda eldast þeirra lög vel í minningum fyrri tíma. Við Reynir Traustason dunduðum við það sem þúkur og unglingar að setja saman ís-lenska texta við mörg Kinkslaga. Fróðlegt væri að skoða þá nú.

5. Paint It Black – The Rolling Stones

Í upphafi var ég ekki maður

The Rolling Stones en í aftur-hvarfi til gullaldar í poppinu í seinni tíð hafa þeir komið sterkir inn hjá mér og trúlega er það að hluta til áhrif frá Ólafi Helga Kjartanssyni sýslumanni á Selfossi.

6. Those Were the Days – The Cream

Á seinni árum popptímabils-ins á Flateyri var ég gríðarlega mikill aðdáandi The Cream og þetta lag þeirra endurspeglar þann góða tíma.

7. One Gentle Touch – Siggí Björns

Þetta fallega lag Sigga Björns, víðförlasta Önfirðings-ins nú um stundir, er einhvers-konar lífæð nútímans við gull-öldina í minningabanka mínum vestur á Flateyri.

8. Dáni kaldi – Lýður Árnason og hljómsveit

Hálfán Kristjánsson – Dáni kaldi. Þetta lag og texti Lýðs

Árnasonar læknis og mannlífssprautu á Flateyri er frábært dæmi um grasrótna á Flateyri og hvernig henni er komið í góðan búning í lagi og texta.

9. Hafði eða fjöllin – Ólafur Ragnarsson Popp

Þetta lag og texti Ólafs Ragnarssonar er hinn ódauð-legi áttugaóður nútímans á Flateyri og kvikmynd Lýðs Árnasonar og félaga „Í faðmi hafsins“ færir þetta allt í myndrænan glæsileika og gerir sýnilegt til allrar framtíðar. Þetta lag er punkturinn aftan við þessi menningarlegu-þrekvirki sem unnin hafa verið vestra.

10. I'm In Love With My In-Laws – NilFisk

Hljómsveitin NilFisk sem er að hálfu vestfirsk og að hinum hluta sunnlensk er dæmi um hvernig önfirsk vökvun getur bætt frjósama



Björn Ingi Bjarnason.

jörð en upphaf NilFisk tengist ætíð þátttöku þeirra á Flateyri sumarið 2003 í „Grænenskum nóttum“ og „Rokk og reykt“ á Sólbakka. Síðan lá leiðin beint í Laugardalshöll með Foo Fighters og það samband varir enn.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINN BESTI

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

bb.is – fjölsóttasti vestfirski vefurinn

Prófkjör
Sjálfstæðisflokksins
í Ísafjarðarbæ
11. febrúar

**Halldór
Halldórsson**
í 1. sæti



www.haddi.is

Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

Ekki hlutverk sveitarfélaga að útdeila byggðakvótanum

Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar telur það ekki hlutverk sveitarfélaga að útdeila byggðakvóta. Hann segir samþykkt sína á reglum um byggðakvóta byggjast á því að sveitarfélögum er skylt skv. reglugerð sjávarútvegsráðherra að gera tillögu um skiptingu kvótans því annars er skipt á skip í hlutfalli við aflaheimildir.

Halldór telur það hlutverk sjávarútvegsráðuneytis að úthluta byggðakvóta og að ekki eigi að koma sveitarfélögum í þá stöðu að þurfa að gera upp á milli byggðarlaga og íbúa. Hann skorar á sjávarútvegsráðherra að breyta þessu fyrirkomulagi. Þetta kom fram þegar kosið var um tillögu bæjarráðs um skiptingu byggðakvóta og reglur um úthlutun

á bæjarstjórnarfundum síðustu viku. Tillagan var samþykkt með 5-0.

Ragnheiður Hákonardóttir og Bryndís G. Friðgeirsdóttir sátu hjá við kosninguna. Bryndís gerði svohljóðandi grein fyrir hjásetu sinni: „Enn á ný þurfa sveitarstjórnarmenn að taka að sér hlutverk skömmunarstjórnans, sem úthlutar aflaverðmætum eftir reglum

sem settar eru af sjávarútvegsráðuneyti og hefur aldrei eða mun nokkurn tíma geta ríkt sátt um. [...] Sá byggðakvóti sem nú er til úthlutunar fyrir útgerðir í Ísafjarðarbæ er einungis hungurlús ef tekið er mið af verðmæti þeirra veiðheimilda sem tapast hafa frá svæðinu vegna tveggja áratuga óstjórnar í fiskveiðum á Íslandi.“ – gudrun@bb.is



Íbúðir í eigu Ísafjarðarbæjar

Húsaleiga hækkar um 11,4% í maí

Leigjendur húsnæðis í eigu Ísafjarðarbæjar hafa fengið tilkynningu um hækkun húsaleigu um 11,4% að meðaltali. Hækkunin tekur gildi 1. maí nk. Það eru Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf., sem sjá um rekstur og útleigu húsnæðisins. Aðspurður um ástæður þessara hækkana svaraði Gísli Jón Hjaltason framkvæmdastjóri félagsins:

„Hlutafélagið sem rekur fasteignir Ísafjarðarbæjar var stofnað 2003 og húsaleiga hefur ekki verið tekin til end-

urskoðunar síðan þá og reyndar ekki í einhver þar á undan. Hlutafélagið á nú hátt í 200 hús og aðstæður hafa breyst. Þessar leiguhækkningar eru með tilliti til breytinga á fasteignamati og hækkun fermetraverðs á markaði.

Fasteignamat hækkaði um 20% á Ísafirði á síðasta ári, um 15% á Suðureyri og Flatreyri og um 5% á Þingeyri, leiguhækkanirnar taka mið af því ásamt öðru, t.a.m. framboði og eftirspurn.“

– gudrun@bb.is



Leikskólinn Sólborg á Ísafirði fagnaði átta ára afmæli miðvikudaginn 1. febrúar og af því tilefni gerðu starfsfólk og börn sér dagamun. Haldin var sameiginleg gleðistund þar sem sunginn var afmælissöngurinn fyrir leikskólann og tóku börnin vel undir. Allir fengu síðan ís í tilefni dagsins. Þá var horft á leikritið Dýrin í Hálsaskógi á DVD og var til þess notað sjónvarp og DVD spilarar sem foreldrafélagið gaf leikskólanum í afmælisgjöf fyrir skemmstu. Á meðfylgjandi mynd sjást börnin á Sólborg syngja afmælissönginn hátt og snjallt.

Markaðsstofa Vestfjarða

Jón Páll ráðinn verkefnastjóri

Jón Páll Hreinsson hefur verið ráðinn verkefnastjóri Markaðsstofu Vestfjarða. Jón Páll er með meistara-gráðu í alþjóðaviðskiptum og starfaði síðast sem svæðisstjóri Eimskipa á Vestfjörðum. Hann er með vöðutæka starfsreynslu á sviði markaðsmála og þekkir vel til aðstæðna á Vestfjörðum.

Jón Páll starfaði sem markaðsstjóri hjá 3X-Stáli ehf. og einnig vann hann um tíma í viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins sem hefur umsjón með útlutningsþjónustu ráðuneytisins. Jón Páll hefur komið að ferða- og félagsmálum m.a.



Jón Páll Hreinsson.

með setu í framkvæmdaráði Skíðavikunnar, stjórn HSV og er einn af aðalhvata-mönnum Mýraboltafélags Íslands. Jón Páll er fæddur og uppalinn á Ísafirði.

– thelma@bb.is



Álögð fasteignagjöld hjá Ísafjarðarbæ rúmar 280 milljónir króna

Álögð fasteignagjöld ársins 2006 hjá Ísafjarðarbæ eru rúmar 280 milljónir króna. Á íbúðarhúsnæði, sumarbústaði og húsnæði í dreifbýli var lagt tæpar 165 milljónir króna en 115,5 milljónir króna á fasteignir fyrirtækja og stofnana. Undir fasteignagjöld fellur

fasteignaskattur, lóðarleiga, holræsagjald, vatnsgjald og sorpgjald á íbúðarhúsnæði. Álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði er 0,43% og 1,49% á annað húsnæði. Aldraðir og öryrkjar fá niðurfelldan fasteignaskatt og holræsagjald allt að 64 þúsund

krónum og er niðurfellingin tekjutengd.

Alls fengu 153 aldraðir íbúðareigendur og öryrkjar niðurfellingu að þessu sinni. Álagningarprósenta fasteignagjalda er óbreytt frá síðasta ári að undanskildu sorpgjaldi sem hækkar úr 18.100

krónum á íbúð á ári í 20.000 krónur.

Eigendur íbúðarhúsnæðis mega þó búast við hækkun fasteignagjalda vegna hækkunar fasteignamats á síðasta ári sem var frá 5% og upp í 15% í Ísafjarðarbæ.

– gudrun@bb.is